FRÉTTABLAÐIÐ
20 ÁRA
101. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 25. MAÍ 2021

# Málfar kemur upp um Íslendingana

Íslendingar aðstoða erlenda glæpahópa við netsvindl hér á landi. Dæmi eru um að börn allt niður í tíu ára gömul séu kúguð með nektarmyndum. Grunur er um að mörg tilfelli séu ekki tilkynnt til lögreglu.

mhj@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Íslendingar aðstoða erlenda brotahópa við netsvindl sem beinast að Íslendingum. Þetta segir Daði Gunnarsson lögreglufulltrúi sem fer með rannsókn á netbrotum hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir að aðkoma Íslendinga að netglæpum sjáist meðal annars í málfarsvillum í svikapóstum sem sendir eru á Íslendinga. Málfarsvillur sem myndu ekki koma upp ef notast er við þýðingarvélar líkt og Google translate.

Líkt og greint var frá í síðustu viku hefur netsvindl færst í aukana á síðustu árum og hafa fjölmargir Íslendingar orðið fyrir barðinu á erlendum glæpagengjum sem svíkja fé af fólki gegnum netið. Dæmi eru um að einstaklingar hafi tapað allt að hundrað milljónum króna í netsvindli.

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur tekist að rekja svikin en þau ná oft langt út fyrir landsteinana þar sem lögreglan á erfitt með að fylgja þeim eftir.

„Við höfum verið að rekja eins og fjárfestingarsvikin, þar enduðum við í Indónesíu. Þar sem við endum yfirleitt er hjá löndum sem við eigum erfitt með að fá upplýsingar frá,“ segir Daði.

Þá eru dæmi um kúganir með nektarmyndum. Myndunum sé stolið eða þær sendar í góðri trú á manneskju sem hefur siglt undir fölsku flaggi á veraldarvefnum.

Samkvæmt lögreglu eru dæmi um það hérlendis að börn sem eru ekki nema tíu ára gömul hafi verið beitt hótunum til þess að senda af sér nektarmyndir.


Daði Gunnarsson lögreglufulltrúi.

Daði segir að grunur sé um að brotin séu mun fleiri hér á landi en opinberar tölur gefa til kynna. „Fólk skammast sín fyrir þetta. Bæði einstaklingar og fyrirtæki eru ekki að tilkynna til lögreglu út af álitshnekki.“

Hann segir að til þessa hafi lögregla ekki farið í neinar stórfelldar handtökur eða húsleitir. „Við höfum verið í einhverjum málum en engum stórum svikamálum. Þetta eru mestmegnis hópar að utan,“ segir Daði. „Við teljum hins vegar ljóst í einhverjum tilfellum að Íslendingar eru tengdir. Við sjáum það í orðalagi sem er kannski ekki rétt en er samt viðtekin venja í mistökum, sem þú sérð reglulega í kommentakerfunum til dæmis.“ ■

## Fjögur ákærð í Rauðagerðismáli

arib@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Þrír karlar á fertugs- og fimmtugsaldri og kona á þrítugsaldri eru ákærð í tengslum við morðið á Armando Beqirai laugardaginn 13. febrúar síðastliðinn.

Samkvæmt ákærunni mun konan hafa fylgst með bílum í eigu Beqirai eftir fyrirmælum eins sakborninganna. Angjelin Sterkaj mun svo hafa verið ekið af öðrum sakborningi í Rauðagerði þar sem hann hafi falið sig áður en hann skaut Beqirai níu sinnum. Síðan hafi Sterkaj verið ekið til Kollafjarðar til að losa sig við byssuna og þaðan til Skagafjarðar.

Sterkaj hefur játað. Tveir ákærðu eru í farbanni og einn er að afplána fyrri dóm. Bótakröfur nema um 70 milljónum króna. Málið verður þingfest í héraðsdómi í dag. ■

## Engin stæði fyrir hreyfihamlaða

thorgrimur@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** Reykjavíkurborg hefur verið gerð afturreka með byggingarleyfi í Vesturbæ þar sem yfirvöld hafa ekki farið að lögum um bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins, fagnar niðurstöðunni. „Það er áhyggjuefni þegar ekki er farið eftir lögum og reglugerðum í þessum efnum,“ segir hún. ■ SJÁ SÍÐU 4


Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ.


Vorblíða bíður landsmanna í vikunni, sérstaklega á miðvikudag og fimmtudag þegar hitinn á að fara upp í tveggja stafa tölur. Samkvæmt Veðurstofunni fer hitinn í 15 stig á Akureyri. Þó að veturinn sé horfinn úr þéttbýlinu þá er enn möguleiki að fara á skíði eins og þessi gerði í Jökulfjörðum á Vestfjörðum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI





Grímunotkun er nú ekki skylda í búðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Farþegar Strætó áfram með grímu

benediktboas@frettabladid.is

**COVID-19** Tilslakanir á sóttvarnaaðgerðum og grímuskyldu munu ekki hafa áhrif á starfsemi Strætó. Þar verður áfram grímuskylda þótt viðkomandi sé bólusettur eða með mótefni.

Slakað verður á grímuskyldu og tveggja metra reglunni frá og með deginum í dag en nýja reglugerðin gildir til 16. júní. Fjöldatakmörk hækka í 150 manns og takmörkunum á gestafjölda sund- og baðstaða, skíða- og tjaldsvæða og safna verður aflétt. Þá mega 150 manns vera í hverju hólfi í líkamsræktarstöð. Hámarksfjöldi áhorfenda eða gesta á sitjandi viðburðum fer úr 150 í 300 manns í hverju sóttvarnahólfi og veitingasala í hléi verður heimil.

Veitingastöðum verður kleift að lengja afgreiðslutíma sinn til kl. 23 og þá verður grímuskylda afnumin í verslunum og regla um 200 manna hámarksfjölda viðskiptavina fellur úr gildi. ■

## Kastað á þurru landi



Veiðitímabilið er hafið og margir sem nýta sér þau fjölmörgu námskeið sem eru í boði til að læra að kasta flugu enda er það ekkert grín að halda örþunnri línu á lofti á árbakkanum. Verðandi veiðikonur stóðu í Hljómskálagarðinum og lærðu réttu tökin því betra er að vita hvað gera skal þegar búið er að klæða sig í vöðlurnar og hnýta fluguna við stöngina. Flestir eru þó líklega sammála um að lykilatriðið sé að fá línuna til að leggjast beint á vatnsflötinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Aðför að tjáningu og mannréttindum

arib@frettabladid.is

**HVÍTA-RÚSSLAND** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir aðgerðir stjórnvalda í Hvíta-Rússlandi aðför að tjáningarfrelsi og mannréttindum.

Um helgina voru blaðamaðurinn Roman Protasevich og unnusta hans handtekin. Protasevich var um borð í flugvél á leið frá Grikklandi til Litháens þegar vélin var þvinguð til lendingar í hvítrússneskri lofthelgi á laugardag. Protasevich flúði land árið 2019 og hefur gagnrýnt stjórnvöld í kjölfar kosninganna þar í landi í fyrra

Stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi birtu í gær myndband sem sýnir Protasevich játa ýmsa glæpi. Leiðtogar víða í Evrópu kalla eftir að flugfélög forðist lofthelgi Hvíta-Rússlands og að þegnar þeirra yfirgefi landið. Icelandair flýgur ekki inn í lofthelgina.



Protasevich við mótmæli árið 2017.

„Við erum í góðu samráði við okkar nánustu bandamenn, viðbrögðin eru öll á einn veg. Nú skiptir máli að alþjóðasamfélagið sendi skýr skilaboð, það verður gert," segir Guðlaugur Þór. Kröfurnar snúa bæði að bættu stjórnarfari og að föngum verði sleppt. „Öllum pólitískum föngum verði sleppt, ekki bara þeim sem við erum að tala um núna, heldur einnig þeim sem voru hnepptir í varðhald eftir kosningarnar." ■




# Upphefja matarmenningu í elsta húsinu í hjarta Selfoss

**Þríeykið Tómas, Margrét Rún og Ívar Þór hafa tekið við rekstri Tryggvaskála, elsta húss Selfoss. Þau hyggjast upphefja matarmenninguna í bænum og vilja koma honum á þann hátt inn í nútímann.**

arnartomas@frettabladid.is

**SUÐURLAND** „Það byrjaði allt á Selfossi í þessu húsi," segir Tómas Þóroddsson veitingamaður sem hefur ásamt Margréti Rún Guðjónsdóttur og Ívari Þór Elíassyni tekið við rekstri veitingastaðarins Tryggvaskála á Selfossi. „Þetta er eiginlega hjarta bæjarins."

Tryggvaskáli á sér langa sögu en hann er elsta hús Selfoss og var upprunalega notaður í vinnu við smíði Ölfusárbrúar. Skálinn er nefndur í höfuðið á alþingismanninum Tryggva Gunnarssyni sem ákvað að taka brúarsmíðina í eigin hendur þegar tillögur hans voru felldar á Alþingi.

Allt frá árinu 1901 hefur svo verið ýmiss veitingarekstur í Tryggvaskála, svo gott sem óslitið að sögn Tómasar, en skálinn hefur nú verið lokaður í um hálft ár. Tómas, Margrét og Ívar höfðu unnið saman áður á staðnum og þegar auglýst var eftir nýjum rekstraraðilum ákváðu þau að slá til og nú stendur til að opna staðinn á næstu vikum.

„Nú þegar Árborg er í mikilli uppbyggingu viljum við keyra í gang og upphefja matarstemninguna hér í bænum," segir Ívar og nefnir að á staðnum verði meðal annars kokteilbar og boðið upp á létta rétti til að deila. „Það hefur vantað þessa skemmtilegu matarstemningu og við viljum koma Selfossi inn í nútímann hvað það varðar."

Þríeykið stefnir einnig að því að taka á móti hópum sem þau segja að hafi einkennt matarmenninguna í Reykjavík á undanförnum árum. „Fólki finnst þægilegt að geta verið út af fyrir sig þegar það fer út að borða," segir Ívar. „Við þurfum því litlu að breyta því skálanum er nú þegar skipt vel niður."

Þá verður einnig staðið fyrir viðburðum á borð við karókí til að viðhalda lifandi stemningu.

Aðspurð um nýjan miðbæ Selfoss segist Margrét spennt fyrir þeim áhrifum sem hann mun hafa á matar- og skemmtanalíf bæjarins. „Við erum auðvitað bara hinum megin við götuna," segir hún. „Það eru allir virkilega jákvæðir fyrir þessu og mikill samhugur hjá bæjarbúum." ■



Tómas, Ívar og Margrét hafa lengi unnið saman í veitingageiranum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNAR TÓMAS

> **Nú þegar Árborg er í mikilli uppbyggingu viljum við keyra í gang og upphefja matarstemninguna hér í bænum.**
>
> Ívar Þór Elíasson veitingamaður.




*Suzuki Swift 4x4 er eingöngu beinskiptur

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

FLUTT MEÐ EIMSKIP

**Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:**

**Akureyri:** Bílaríki, Lónsbakka.
**Egilsstaðir**: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
**Hvolsvellir**: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
**Ísafjörður**: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
**Reykjanesbær**: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Námafjall er skammt frá Kröflu og er vinsæll staður til að stoppa á.

## Breyta bílastæði og gera göngustíga

benediktboas@frettabladid.is

**MÝVATNSSVEIT** Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps hefur samþykkt erindi frá Arnóri Þóri Sigfússyni fyrir hönd Sannra Reykjahlíð sem sótti um leyfi til framkvæmda við Hveri, austan Námafjalls, sem er í landi Reykjahlíðar.

Fyrirhugað er gera nýtt bílastæði ásamt breytingu á vegi á svæðinu og verður gamla bílastæðið aflagt. Þá verður unnið að gerð göngustíga um hverasvæðið og útsýnispalla til að tryggja öryggi ferðamanna og hlífa náttúru svæðisins. ■

## Egilsstaðir fá loks ærslabelg í bæinn

kristinnpall@frettabladid.is

**EGILSSTAÐIR** Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings tók fyrir bókun ungmennaráðs um að finna staðsetningu fyrir ærslabelg á Egilsstöðum. Fyrir eru þrettán ærslabelgir á Austurlandi en enginn á Egilsstöðum. Ráðið lýsti því yfir að þau væru fylgjandi því að fundinn yrði staður fyrir slíkan belg og búið er að ræða við aðila sem eru áhugasamir um að setja ærslabelginn upp. ■

## Bregðast við flóði og fjöru í Ölfusi

kristinnpall@frettabladid.is

**ÖLFUS** Framkvæmda- og hafnarnefnd Ölfuss samþykkti á fundi sínum í vikunni að kaupa stálplötur sem nýtast sem framlenging á rampi til að flýta fyrir losun og lestun skipa. Hæðarmunurinn vegna flóðs og fjöru getur náð rúmum þremur metrum og með þessum kaupum verður hægt, að sögn Hjartar Jónssonar, hafnarstjórans í Þorlákshöfn, að spara talsverðan tíma. ■

# Dóra hefur enn tíma til að biðjast afsökunar

kristinnpall@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** „Það er erfitt að segja hvort að það sé ástæðan, en ég er sammála því að hún þurfi að bregðast við og biðjast afsökunar á þessu máli,“ segir Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, aðspurð hvort ákvörðun Reykjavíkurborgar um að hefja viðræður um sölu á hlut borgarinnar í Neyðarlínunni mætti rekja til þess að verið væri að koma í veg fyrir að Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Pírata, þyrfti að biðjast afsökunar. Forsvarsmenn Neyðarlínunnar



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi.

höfðu farið fram á að Dóra myndi biðjast afsökunar vegna ummæla hennar um störf Neyðarlínunnar.

Reykjavíkurborg á 18,5 prósent hlutafjár Neyðarlínunnar sem er metið á rúmlega 3,5 milljónir en Neyðarlínan hefur boðist til að



Dóra Björt Guðjónsdóttir borgarfulltrúi.

kaupa hlutaféð og var samþykkt að fara í viðræður um sölu á hlutnum. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram bókun þar sem þeir gagnrýndu þessa starfshætti á síðasta fundi borgarráðs. Þar sögðu þau málið vera borginni til skammar. „Þetta mál er enn eitt frumhlaupið af hálfu Dóru á kjörtímabilinu, þar sem hún rýkur upp án þess að hafa kynnt sér málið til fullnustu. Ég vona að hún hafi tekið þetta til sín og biðjist afsökunar þótt að við hefðum kosið að afsökunarbeiðnin kæmi fyrr.“

Aðspurð sagði Hildur að þetta væri þar að auki rökrétt skref fyrir borgina. Hún segir að það hafi verið ástæðulaust fyrir Reykjavíkurborg að taka þátt í rekstri Neyðarlínunnar. „Maður veltir fyrir sér hvort að það sé hlutverk sveitarfélags að taka þátt í þessum rekstri.“ ■

# Ógilda byggingarleyfi vegna skorts á bílastæðum fyrir hreyfihamlaða

Reykjavíkurborg hefur enn verið gerð afturreka með byggingarleyfi í Vesturbæ þar sem yfirvöld hafa ekki farið að lögum um bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Formaður Öryrkjabandalagsins fagnar niðurstöðunni.

thorgrimur@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** „Það er áhyggjuefni þegar ekki er farið eftir lögum og reglugerðum í þessum efnum,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins, um niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem hafnaði í síðustu viku kröfu um ógildingu ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur frá október síðastliðnum um að samþykkja deiliskipulag fyrir reit sem afmarkaðist á milli Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga. Aftur á móti var felld úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa borgarinnar frá því í janúar um að samþykkja umsókn um byggingarleyfi vegna fjölbýlishússins að Dunhaga 18-20. Ástæða ógildingarinnar var skortur á áætluðum bílastæðum fyrir hreyfihamlaða.

„Það verður að vera alveg á tæru að stæði fyrir fatlað fólk séu eins mörg og þau eiga að vera. Það stendur í lögum og menn verða að fara eftir þeim. Sem betur fer eru fleiri farnir að átta sig á að þetta skiptir máli og orðið algengara að fólk sæki rétt sinn þegar reglurnar eru brotnar,“ segir Þuríður.

Krafa er að lágmark þrjú bílastæði séu fyrir hreyfihamlaða en aðeins



Fjölbýlishúsið að Dunhaga 18-20 má muna sinn fífil fegri en nú virðist enn mega bíða þess að lappað verði upp á húsið. Aðilar gerðu aðeins ráð fyrir tveimur stæðum fyrir hreyfihamlaða en ekki þrem eins og reglur gera ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> ”
> **Það verður að vera alveg á tæru að stæði fyrir fatlað fólk séu eins mörg og þau eiga að vera. Það stendur í lögum og menn verða að fara eftir þeim.**
>
> Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins.

var gert ráð fyrir tveimur í framkvæmdaáætlun lóðarinnar.

Saga Dunhaga hófst árið 2018 þegar byggingafulltrúi samþykkti byggingarleyfi en þá stóð til að byggja inndregna hæð, viðbyggingu og kjallara fyrir húsið og fjölga íbúðum. Það var kært og leyfið afturkallað. Síðan þá hefur leyfið verið samþykkt nokkrum sinnum í borgarráði en fellt úr gildi skömmu síðar.

Kærendurnir að Hjarðarhaga 27 vísuðu til þess að borginni hefði verið óheimilt að framselja deiliskipulagsgerð fyrir reitinn til D18 ehf., sem á fjölbýlishúsið, og til THG Arkitekta ehf. Jafnframt var vísað til þess að deiliskipulagið ætti sér ekki stoð í aðalskipulagi þar sem það raskaði stefnu um hverfisvernd og verndun ásýndar og heildaryfirbragðs í grónum hverfum.

Þá var vísað til þess að fyrirhugaðar framkvæmdir á fasteigninni gengju lengra en nauðsynlegt væri til að efla verslun í húsinu. Meðal annarra annmarka sem kærendur bentu á í deiliskipulaginu má nefna óskýrleika við það hvert bæri að senda athugasemdir við deiliskipulagið.

Úrskurðarnefndin taldi ekki liggja fyrir form- eða efnisannmarka á deiliskipulaginu sem gætu raskað gildi þess og var því hafnað að ógilda samþykki á því.

Þuríður segir fagnaðarefni að byggingaráætlun sé stöðvuð á þessum forsendum. ■


APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær



Vesturlandsvegur



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 10.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 9.00 - 18.00 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is




Joe to go - Nýr staður á **Reykjavíkurvegi**

**JOE** *to go*

# Öll combo og allt kaffi á 50%

**afslætti frá 25.maí — 8. júní**




*Mundu eftir appinu*

joeandthejuice.is

# Bjartsýni að kjósa um sameiningu í Skagafirði í september

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NORÐURLAND** Sveitarstjórn Skagafjarðar staðfesti boð byggðarráðs um að bjóða Akrahreppi til sameiningarviðræðna. Samkvæmt Sigfúsi Inga Sigfússyni sveitarstjóra munu viðræðurnar hefjast eftir viku eða tvær. Í Skagafirði búa rúmlega fjögur þúsund manns en 210 í Akrahreppi. Þetta eru einu tvö sveitarfélögin í firðinum og samstarfið þegar mjög mikið, til dæmis í skólamálum og málefnum aldraðra.

Sigfús segir að viðræðurnar ættu að geta orðið nokkuð einfaldar vegna þessa. „Þetta snýst aðeins um hvort fólk vilji stíga þetta skref,“ segir hann. Í bókun byggðarráðs kom fram að sá starfshópur sem færi með sameiningarviðræðurnar ætti að skila af sér fyrir september til þess að hægt væri að halda íbúakosningar samfara þingkosningum. Sigfús segir líklegt að ferlið muni taka lengri tíma. Árið 2005 var kosið í Skagafirði og var sameining þá felld „Ég er bjartsýnn á aðra niðurstöðu núna, fari svo að viðræðurnar leiði til annarra kosninga.“ ■


Í Skagafirði eru tvö sveitarfélög þar sem samstarf er mikið. MYND/AÐSEND

## Þögn er það sama og stuðningur

arib@frettabladid.is

**FÉLAGSMÁL** Íslandsdeild Transparency International kallar eftir að almenningur, stjórnmálamenn, félagasamtök, stéttarfélög og önnur samtök þrýsti á aðgerðir gegn útgerðarfyrirtækinu Samherja í ljósi uppljóstrana um svokallaða „skæruliðasveit“ fyrirtækisins.


Atli Þór Fanndal, framkvæmdastjóri Transparency International.

Atli Þór Fanndal, framkvæmdastjóri TI Ísland, segir að stjórnmálamenn verði að tjá sig um málið. „Þögn í svona stórum málum er það sama og yfirlýsing um stuðning,“ segir Atli.

Fulltrúar Samherja hafa ekki viljað tjá sig um innihald gagnanna þar sem grunur sé um að þau séu stolin. ■

## Fimm ára drengur sá eini sem lifði af

arib@frettabladid.is

**ÍTALÍA** Enrico Giovannini, samgönguráðherra Ítalíu, hefur skipað rannsóknarnefnd eftir að kláfur féll til jarðar með þeim afleiðingum að 14 létust á sunnudag. Aðeins einn lifði af slysið, fimm ára drengur, sem er nú á sjúkrahúsi í Tórínó.

Slysið varð í hlíðum fjallsins Mottarone, skammt frá Sviss, um hádegisbilið. Giovannini heimsótti slysstaðinn í gær og hét því að komið yrði í veg fyrir að slys sem þetta endurtaki sig. ■

# Bjuggu til verðlaunabúnað sem getur séð afleiðingar höfuðhögga um leið

**Nemendur í Háskólanum í Reykjavík munu í sumar hefja vinnslu á búnaði sem getur metið afleiðingar höfuðhögga hjá íþróttamönnum. Um er að ræða handhægan búnað sem hægt er að nota á auðveldan og aðgengilegan hátt.**

hjorvaro@frettabladid.is


Bjarki Fannar Snorrason, Bríet Eva Gísladóttir, Guðrún Inga Marínósdóttir og Davíð Andersson. MYND/GOLLI

**ÍÞRÓTTIR** Undanfarnar þrjár vikur hafa nemendur í námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja í Háskólanum í Reykjavík spreytt sig á fjölbreyttum nýsköpunarverkefnum.

Um er að ræða fjölmennasta nýsköpunarátak landsins en námskeiðið sækja nær allir nemendur HR í lok fyrsta árs náms þeirra í skólanum. Nemendur setja fram og þróa nýja hugmynd að vöru eða þjónustu, gera fjárhagsáætlun, fara í gegnum hönnunarsprett, prófa vöruna og fjármagna hana.

Best útfærða hugmyndin hlýtur Guðfinnuverðlaunin og að þessu sinni varð verkefnið SEIFER hlutskarpast. Sá hópur hannaði búnað sem nota má til þess að meta og skrá höfuðhögg íþróttamanna.

Í þeim hópi eru tölvunarfræðineminn Bjarki Fannar Snorrason, Davíð Andersson, nemi í fjármálahagfræði, Bríet Eva Gísladóttir sem er að læra rekstrarverkfræði og Guðrún Inga Marínósdóttir sem nemur fjármálaverkfræði.

SEIFER-búnaðurinn er notaður til upplýsingasöfnunar við höfuðhögg íþróttafólks. Búnaðurinn inniheldur hreyfi- og hröðunarnema sem mæla meðal annars höggkraft, hröðun og horntíðni höfuðhöggsins.

Upplýsingar úr þessum nemum hjálpa til við að meta alvarleika höggsins og flýta greiningu á mögulegum heilahristingi. Með auðveldari greiningu getur íþróttamaður sem verður fyrir heilahristingi hafið bataferli strax og þannig minnkað líkur á langvarandi afleiðingum.

> **Við í hópnum erum með mismunandi íþróttabakgrunn og höfum orðið vitni að alvarlegum afleiðingum höfuðhögga.**


Guðrún Inga Marínósdóttir.

„Við í hópnum erum með mismunandi íþróttabakgrunn og höfum orðið vitni að alvarlegum afleiðingum höfuðhögga. Þá sérstaklega þegar mat sjúkraþjálfara eða lækna er ekki byggt á gögnum heldur mati og leikmenn mæta aftur til leiks eftir höfuðhögg. Með því að smella honum á höfuð leikmannsins er hægt að meta högg sem kemur á höfuðið og hægt verður að fá á skömmum tíma upplýsingar um höggkraftinn og áhrifin sem höggið hefur haft á heilann,“ segir Guðrún Inga.

„Við erum með ólíka styrkleika byggða á námi okkar og hópurinn vegur hvert annað upp þegar kemur að því að hanna og framleiða búnaðinn,“ segir hún en hópurinn fékk hálfa milljón króna í peningaverðlaun fyrir að fara með sigur af hólmi í keppninni.

„Sá peningur dugar til þess að búa til sýnieintakið en við vonumst svo til þess að einhver sýni áhuga á því að fjármagna framleiðslu á búnaðinum til sölu eftir að sýnieintakið verður tilbúið.

Þetta er handhægur búnaður sem auðvelt er að nota hvar og hvenær sem er. Þannig þarf bara búnaðinn og tölvu til þess að lesa þær upplýsingar sem þarf til þess að aðstoða við mat á heilsufari íþróttamannsins eftir höfuðhöggið.

Það er okkar von að þetta muni vekja athygli bæði hér heima sem erlendis. Við erum allavega á því að þetta sé búnaður sem ætti að vera til staðar á öllum íþróttaviðburðum til þess að tryggja öryggi íþróttamanna,“ segir Guðrún. ■



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep


PRIMAVERA
FURNITURE
JUNE
FRÁ PRIMAVERA
Ný sending og nýir litir. Komdu og láttu lífið leika við þig í sófa frá Vogue fyrir heimilið. JUNE er fáanlegur í fjölmörgum útgáfum, mismunandi áklæðum og litum.
Verð frá 139.800 kr.
2ja sæta sófi
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Grímulaus gleði



**Björk Eiðsdóttir**
bjork@frettabladid.is

Á miðnætti í gær var loks slakað á stífum samkomutakmörkunum sem gilt hafa og mega nú 150 manns koma saman og 300 mega vera viðstaddir trúarlegar athafnir og aðra sitjandi viðburði.

Eins var slakað á tveggja metra reglunni og er grímuskylda ekki eins rík og frekar undantekning þegar fólk á í nánum samskiptum en almenn regla. Nýgengi veirunnar er nú með lægsta móti eða 8,2 innanlands og eru yfir 80 þúsund Íslendingar fullbólusettir. Verður bólusett tvisvar í þessari viku og enn meira vikuna á eftir.

Ekki nóg með að við megum fletta af okkur grímunni og halda stærri partí heldur spá veðurfræðingar veðurstofu Íslands blíðu í vikunni. Hitastigið á loks að fara upp í tveggja stafa tölu og jafnvel nálgast næsta tug, fara upp í allt að sautján stigum!

Eftir að hafa búið við skert frelsi í rúmt ár eru blikur á lofti um að allar slíkar reglur heyri sögunni til undir lok sumars. Ástæða þess að við erum komin svona langt í baráttunni við þennan heimsfaraldur er samstarf og samstaða. Samstarf vísindamanna, ríkisstjórna og lyfjafyrirtækja. Samvinna ríkisstjórnar okkar við framleiðendur bóluefnisins og ekki síst samstaða þjóðarinnar um að þiggja bóluefnið. Þjóðin sem flesta daga er helst til sundurleit og ósammála og verður seint talin sérlega reglufylgin, tók þessari áskorun og massaði hana! Skipulagið á bólusetningum hefur verið algjörlega magnað og það sem meira er, við höfum mætt, staðið í röð, setið og staðið eftir þörfum og séð til þess að þetta gangi allt saman upp.

Samkvæmt New York Times erum við í fimmtánda sæti á heimsvísu þegar kemur að bólusetningum og erum þannig efst Norðurlanda og framar flestum Evrópuríkjum. Við höfum svo gott sem náð Bandaríkjunum þar sem meira en nóg er til af bóluefni en vandinn þar felst frekar í því að fá fólk til að taka við því enda vantraust stórra hópa á yfirvöld ríkt. Ástæður þess að þjóðir eru neðar á þessum lista en við er skortur á fjármagni, skortur á samstarfi við aðrar þjóðir og svo að lokum skortur á samstöðu um að þiggja bóluefnið. Við getum hrósað happi þó að í fullkomnum heimi hefði bóluefninu verið dreift til þeirra sem mest þurfa á að halda burtséð frá landamærum.

En hingað erum við komin. Fyrir ári síðan var einnig létt á samkomutakmörkunum sem varð til þess að síðasta sumar varð flestum nokkuð ánægjulegt en bakslag kom upp og urðum við aftur að búa við skert frelsi. Það sem veitir okkur enn ríkari ástæðu til að gleðjast núna er sú staðreynd að bólusetningar eru komnar vel á veg og erum við farin að geta eygt hjarðónæmið handan við hornið.

Það er svo sannarlega gleðiefni og það er okkur að þakka – öllum! ■

> ” Þjóðin sem flesta daga er helst til sundurleit og ósammála og verður seint talin sérlega reglufylgin, tók þessari áskorun og massaði hana!

## Halldór




## Frá degi til dags

thorvardur@frettabladid.is

**Nóg í gangi**
Öll þjóðin er í áfalli vegna bikarleysis Daða og Gagnamagnsins í Júróvision. Halda margir enn í vonina um að sá ítalski verði tekinn í annað lyfjapróf og sviptur titlinum vegna douze point frá Kólumbíu. Og eitthvað álíka komi fyrir Svisslendinginn og hina frönsku. Á meðan við bíðum eftir því þá er margt annað sambærilega tilgangslítið til að fylgjast með og missa sig yfir. Natan Dagur á sigurinn vísan í The Voice í Noregi næsta föstudag. Svo er Rúrik Gíslason að dansa allt Þýskaland upp úr skónum með frammistöðu sinni í Lass uns Tanzen. Þá eru Heimir og Sigurður á leið niður af Everest. Já, það er af nógu af taka til að trappa sig niður úr gleðinni.

**Hérastubbur og kakan**
Útgerðar- og skæruliðafélagið Samherji ákvað að fyrstu viðbrögð við upplýsingum um baktjaldamakk þeirra skuli sótt til Hérastubbs bakara, stolin kaka er vond kaka. Í stað þess að sýna auðmýkt komu skipanir úr neðanjarðarbyrginu um að halda áfram á sömu braut, væntanlega með því að ráða Leoncie sem opinberan talsmann. Sá eini sem hefur komið fyrirtækinu til varnar opinberlega enn sem komið er, er eini hægrimaðurinn sem kannast við að hafa kynnt sér málið, en það er Hannes Hólmsteinn. ■

# Fimmtán mínútur



**Hildur Björnsdóttir,**
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Á dögunum fullyrti forstjóri innlendrar verslunarkeðju, með 20% markaðshlutdeild á matvörumarkaði, að mikil tækifæri væru fólgin í samspili hverfisverslunar og netsölu með matvörur. Viðskiptavinir muni til framtíðar sjá hag sinn í heimsendri þurrvöru og þyngri vöru. Ferskvöru vilji fólk heldur sækja í hverfisverslun eftir þörfum. Nú væri einstakt tækifæri að sækja fram á þessum markaði – færa þjónustuna inn í hverfin.

Áform forstjórans kallast vel á við hugmyndir um 15 mínútna borgarhverfi – hugmyndir sem hafa rutt sér til rúms víða í erlendum borgum. Innan 15 mínútna hverfa má nálgast helstu verslun og þjónustu í innan við korters göngufjarlægð. Forsendur slíkra hverfa eru gjarnan þétt og blönduð byggð hvar íbúðarhúsnæði, vinnustaðir og þjónusta eru í nálægð hvert við annað. Aukin fjarvinna, sem vafalaust verður varanleg afleiðing heimsfaraldurs, mun skapa enn frekari forsendur fyrir fjölbreytta hverfisþjónustu – enda munu starfsmenn verja fleiri vinnudögum innan hverfa.

Borgarskipulag hefur órjúfanleg áhrif á lífsgæði. Það er samofið lýðheilsu og fjölbreyttum félagslegum þáttum. Með 15 mínútna hverfum má stytta ferðatíma og bæta lýðheilsu – gera fleirum kleift að sinna erindum gangandi eða hjólandi. Með lifandi nærþjónustu má ýta undir samskipti ólíkra þjóðfélagshópa – draga úr einsemd og félagslegri einangrun – skapa lifandi umhverfi þar sem fólk mætist og þekkist.

Reykjavík þarf að endurskipuleggja á forsendum hverfanna – á grundvelli sérstöðu þeirra og styrkleika. Víða um borg standa lúnir hverfiskjarnar sem margir muna fífil sinn fegurri. Með samstilltu átaki og réttum skipulagsáherslum má glæða hverfiskjarna fyrra lífi – efla nærþjónustu hverfanna og einfalda hversdag borgarbúa. Skapa aukið mannlíf í lifandi borgarhverfum hvar hversdagslegar nauðsynjar finnast í korters kallfæri – á fimmtán mínútum. ■

> ” Með 15 mínútna hverfum má stytta ferðatíma og bæta lýðheilsu.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



# Týnda kynslóðin: Eldri borgarar



Viðar Eggertsson, leikstjóri, eldri borgari og í 3. sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík suður.

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar samdi ný lög um almannatryggingar sem tóku gildi í ársbyrjun 2017, „gleymdu“ þau þúsundum eldri borgara; lokuðu hreinlega augunum fyrir stöðu þeirra. Lögin spegluðu sýndarveruleika en ekki raunveruleikann.

Þarna „týndust“ þúsundir eldri borgara sem eftir lagasetninguna búa við óásættanlegan raunveruleika eftirlauna undir framfærsluviðmiðunum og síðan þúsundir sem rétt dansa á hengifluginu, þar sem ekkert má koma upp á sem hendir þeim fram af. Þá nægja óvænt lítils háttar aukaútgjöld eins og brostin pípulögn eða brotin rúða á heimilinu, að ekki sé talað um ef svo óheppilega vill til að tönn brotni til að þau komast nánast á vonarvöl. Því þá er atvikið orðið harmleikur sem setur fjárhag þessa fólks í uppnám.

**Ekki tók betra við með ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur**

Eftir að lögin tóku gildi fyrir rúmum fjórum árum hefur sigið enn meir á ógæfuhliðina fyrir allt þetta „týnda“ fólk og það í boði ríkisstjórnar Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Ellilífeyrir hefur að raungildi lækkað og er auk þess orðinn um 90.000 kr. lægri en lægstu laun á vinnumarkaði. Síðan bætast við óhóflegar skerðingar vegna lífeyrissjóðstekna sem hafa aukist síðan lögin tóku gildi í raun. Frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna upp á kr. 25.000 hefur ekki haggast í þessi fjögur ár þrátt fyrir síhækkandi verðlag og launavísitölu.

Lífeyrissjóðakerfið okkar hefur enn ekki náð fullum þroska og eftirlaun sjóðanna því ekki nægjanleg til framfærslu í flestum tilfellum. Þrátt fyrir þessa staðreynd þurfa eldri borgarar að sæta miklum tekjuskerðingum í almannatryggingum, þegar eftirlaunaaldri er náð.

Það má með réttu slá föstu að lög um almannatryggingar sem tóku gildi fyrir rúmum fjórum árum voru miðuð við stöðu mála í framtíðinni, kannski eftir 15-20 ár. En ekki eins og raunveruleg staða er í dag.

> Hvernig er hægt að vera fjármálaráðherra meira og minna frá árinu 2013 og horfa blákalt í augu þúsunda eldri borgara og segja: „Þið hafið aldrei haft það eins gott“?

**Bláeygður fjármálaráðherra**

Þetta á við flest eldra fólk en vissulega ekki allt. Hvernig er hægt að vera fjármálaráðherra meira og minna frá árinu 2013 og horfa blákalt í augu þúsunda eldri borgara og segja: „Þið hafið aldrei haft það eins gott“? Þetta getur eingöngu sá sagt sem aldrei hefur allt sitt líf þurft að deila kjörum með fátæku fólki, aldrei þekkt fátækt fólk, aldrei umgengist fátækt fólk. Þetta getur sá einn sagt sem getur auðveldlega týnt fólki.

Fullur ellilífeyrir fyrir skatt og skerðingar er aðeins 266.033 kr. Samkvæmt upplýsingum frá TR þá fengu eingöngu 2.284 þennan ellilífeyri óskertan fyrir utan skatt. Það eru tugþúsundir eldri borgara sem þurfa að lifa á rauntekjum upp á 200.000-290.000 kr. Slík er meðferðin á eldri borgurum í almannatryggingakerfinu okkar. Nánast afnám allra frítekjumarka og 45% skerðingarmörk hefur í för með sér að eldra fólki með lágar tekjur eru flestar bjargir bannaðar.

**Þungar álögur af litlum efnum**

Þetta er „týnda fólkið“, sem hefur bæði lagt til hliðar lífeyrissparnað með greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðina síðustu áratugina, oft af litlum efnum, og auk þess greitt eftirlaun til kynslóðarinnar þar á undan, sem ekki átti þess kost að greiða í lífeyrissjóði. Þess vegna er um að ræða tvöfalda lífeyrisbyrði hjá eldra fólkinu í dag.

Þessu verðum við að breyta. Þessu ætlum við að breyta. ■

# Kraftur fjöldans fyrir dóm -þátttaka þín er bráðnauðsynleg



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna.



Það sem í fljótu bragði kann að virðast léttvægir hagsmunir margra, lýtur gjarnan í lægra haldi fyrir miklum hagsmunum fárra. Og hinn óskipulagði almenningur er oft á tíðum hlunnfarinn án þess að geta rönd við reist. Neytendasamtökin eru líklega einhver kraftmesti vettvangur sem völ er á til þess að sporna gegn yfirburðastöðu valdhafa, sérhagsmunahópa og stórfyrirtækja.

Það er mikilvægur þáttur í starfsemi Neytendasamtakanna að geta farið með fordæmisgefandi mál fyrir dómstóla. Neytendasamtökin hafa í gegnum tíðina af og til rekið mál fyrir dómstólum sem varðað hafa hagsmuni stórra hópa. Einnig eru dæmi þess að samtökunum hafi verið stefnt.

Á fyrsta starfsári samtakanna árið 1953 vöruðu samtökin við þvottaefninu Hvile-Vask því rannsókn samtakanna leiddi í ljós að efnið innihélt óhæfilega mikið af bleikiefni. Innflytjandinn stefndi samtökunum fyrir atvinnuróg og hafði sigur fyrir sjó- og verslunardómi, Neytendasamtökin áfrýjuðu dómnum til Hæstaréttar sem sneri dómnum við og sýknaði Neytendasamtökin.

Árið 1959 kærðu samtökin Osta- og smjörsöluna fyrir slælegar merkingar og að selja smjör undir heitinu „gæðasmjör“. Var Osta- og smjörsalan sakfelld fyrir gæðasmjörsnafngiftina, en sýknuð af kröfum um að merkingar með upplýsingum um framleiðanda og framleiðslustað skorti, enda engin lög eða reglur til um slíkt á þeim tíma. Í kjölfarið setti þó ráðherra reglur um slíkt.

Sama ár stefndu Neytendasamtökin heildverslun fyrir villandi upplýsingar um peysuskyrtu sem sögð var ítölsk en var í raun framleidd á Íslandi og úr íslenskri ull. Var heildsalanum gert að greiða sekt. Segja má að tilveran hafi snúist frá þeim tíma, því nú er fremur gagnrýnt að innfluttar vörur séu seldar sem íslenskar, til dæmis „íslensku“ lopapeysurnar sem framleiddar eru í Asíu.

Ekki má gleyma ólöglegu samráði olíufélaganna sem hófst árið 1993 og stóð til ársins 2001. Neytendasamtökin stóðu að prófmáli sem vannst bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Í framhaldinu sóttu Neytendasamtökin fram fyrir þá neytendur sem sýnt gátu fram á tjón sitt.

> Sundraðir hagsmunir eru léttvægir, en sameinaðir eru þeir kraftmikið hreyfiafl sem knýr fram jákvæðar breytingar, eins og dæmin sanna.

Enn á ný ganga Neytendasamtökin fram fyrir skjöldu og munu nú stefna nú bönkunum. Samtökin hafa í rúmt ár átt í viðræðum við þá um skilmála og framkvæmd lána með breytilegum vöxtum, sem samtökin telja að standist ekki lög. Neytendasamtökin kröfðu bankana um lagfæringu skilmála sinna og leiðréttingu á hlut þeirra lántaka sem hallað hefur verið á. Bankarnir höfnuðu kröfum Neytendasamtakanna og efna samtökin því til liðssöfnunar með það fyrir augum að aðstoða lántaka við að leita réttar síns og fá endurgreidda þá fjármuni sem bankarnir hafa haft af þeim með ólögmætum hætti.

Neytendasamtökin munu fara með a.m.k. þrjú mál fyrir dóm, til að fá niðurstöðu og fordæmi fyrir önnur lán með breytilegum vöxtum. Bönkunum verður stefnt til ógildingar skilmálanna og endurgreiðslu ofgreiddra vaxta til fjölda ára. Vinnist málin gæti endurgreiðsla hlaupið á mörg hundruð þúsundum króna fyrir hvern lántaka lán, jafnvel milljónum. Með þátttöku tryggja lántakar eins og frekast er unnt að réttindi tapist ekki. En bara ef brugðist er við og krafa gerð á lánastofnanir.

Það er mikilvægt að neytendur standi saman og sæki i rétt sinn. Ekki er ólíklegt að vextir hækki í framtíðinni og því mikilvægt að fá skýrleika um hvað ræður breytingum á vöxtum lána og að hægt verði að sannreyna þær vaxtabreytingar sem kunna að verða. Þá er mikilvægt að bregðast strax við og slíta fyrningu, því annars getur hluti eða öll krafan tapast.

Neytendasamtökin telja að þetta mál varpi skýru ljósi á þann aðstöðumun sem neytendur búa gjarnan við. Fyrirtæki sem búa yfir yfirburðar fjárhagsstöðu og þekkingu gera neytendum að samþykkja einhliða og ósanngjarna skilmála. Neytendur eru ekki í aðstöðu til að bera hönd fyrir höfuð sér.

Það er grundvallaratriði að samtök neytenda hafi styrk til að sækja mál fyrir dómstólum og geti tekið til varna þegar svo ber undir. Sundraðir hagsmunir eru léttvægir, en sameinaðir eru þeir kraftmikið hreyfiafl sem knýr fram jákvæðar breytingar, eins og dæmin sanna.

Það er ákaflega mikilvægt að við sýnum samstöðu með því að taka þátt í að sækja rétt okkar og knýjum þannig fram breytingar sem gagnast öllum neytendum. Því hvet ég þig, kæri neytandi, til að taka þátt í að breyta lánaumhverfinu og skrá þig til þátttöku á vaxtamalid.is. ■




Ísak Bergmann Jóhannesson.

## Smit gæti komið í veg fyrir landsleik

hjorvaro@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Bylgja kórónuveirusmita hefur gengið um Færeyjar síðustu sólarhringana en í gær var greint frá því að 16 smit hefðu greinst í landinu síðasta sólarhringinn.

Af þeim sökum hefur tímabundið bann verið lagt við því að leika knattspyrnu í landinu.

Fyrirhugað er að íslenska karlalandsliðið leiki við Færeyjar í Þórshöfn 4. júní næstkomandi. Mögulegt er að þeim leik verði frestað verði smitfjöldi áfram jafnhár og síðustu sólarhringana.

Ísland leikur við Mexíkó í Dallas í Bandaríkjunum 30. maí, Færeyjar 4. júní og svo Pólland á Poznan-vellinum 8. júní.

Arnar Þór Viðarsson valdi á föstudaginn síðastliðinn 34 leikmenn í hóp sinn en nokkra lykilleikmenn mun vanta í komandi leikjum íslenska liðsins. ■

## Harpa Rut varð meistari í Sviss

hjorvaro@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Harpa Rut Jónsdóttir og samherjar hennar í Zug tryggðu sér í gær svissneska meistaratitilinn í handbolta kvenna.

Zug hafði betur á móti Bruhl í þriðja leik liðanna í úrslitum og einvígið fór þar af leiðandi 3-0.

Í deildarkeppninni varð Zug í þriðja sæti á eftir Bruhl og Spono Eagles. Zug hafði svo betur gegn Spono Eagles í undanúrslitum. Það einvígi endaði 2-0 Zug í vil.

Harpa Rut, sem er 24 ára gamall línumaður, varð einnig svissneskur bikarmeistari með liði sínu fyrr á leiktíðinni. Zug vann Spono Eagles í úrslitaleik bikarkeppninnar. Áður en Harpa Rut flutti til Sviss árið 2015 var hún í herbúðum KA/Þórs. ■

# Hefur áhuga á að vinna áfram í teymi með Heimi og Bjarka Má

**Eftir að hafa starfað sem landsliðsþjálfari í rúm sjö ár fór Freyr Alexandersson aftur út í félagsliðaþjálfun þegar hann varð aðstoðarmaður Heimis Hallgrímssonar hjá katarska liðinu Al Arabi fyrir átta mánuðum. Nú hafa þeir sagt skilið við félagið en þeir hafa áhuga á að starfa áfram saman.**

hjorvaro@frettabladid.is


Freyr og Heimir á æfingu í Katar. Freyr segist reynslunni ríkari eftir að hafa unnið í umhverfi Al Arabi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson starfaði í rúma átta mánuði í þjálfarateymi Heimis Hallgrímssonar hjá katarska ofurdeildarliðinu Al Arabi en tilkynnt var á dögunum að þeir myndu ekki framlengja samning sinn við félagið.

Freyr er því kominn heim í Breiðholtið en fram undan er fyrsta sumarfrí hans með fjölskyldunni en þjálfaralífið hefur hingað til gert frí yfir sumartímann ómögulegt. Freyr kveðst hafa áhuga á því að mynda áfram þjálfarateymi með Heimi og Bjarki Má Ólafssyni en þeir unnu saman hjá íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu á meðan Heimir var við stjórnvölinn þar og svo aftur í Doha.

„Eftir að hafa unnið í landsliðsumhverfi í rúm sjö ár fannst mér vera kominn tími á að vera úti á æfingasvæðinu daglega og demba mér út í félagsliðaþjálfun á nýjan leik. Það var því mjög þægilegt að losna að mestu við leikgreiningu og tölvuvinnu hjá Al Arabi en Heimir og Bjarki Már sáu eiginlega alfarið um þá vinnu.

Ég fékk þess í stað að einbeita mér eiginlega alfarið að því að þjálfa. Það var frábær tilfinning að komast aftur út á æfingasvæði, vera í samskiptum við leikmannahópinn alla vikuna og keppa í hverri viku. Heimir treysti mér fyrir því að sjá um stóran hlut æfinganna frá upphafi og ég er mjög þakklátur fyrir það," segir Freyr um tíma sinn hjá Al Arabi.

„Það var mikil upplifun að kynnast öðrum menningarheimi og ég fann það strax að ég þurfti að nálgast leikmenn liðsins öðruvísi en ég hafði gert með leikmenn landsliðsins. Hvatningin var öðruvísi og ég fann það um leið hvað trúin skipar stóran sess hjá þeim.

Það þurfti sem dæmi að skipuleggja æfingar út frá bænastundum og hálfleikurinn fór að einhverju leyti í það að leggjast á bæn. Þetta vandist hins vegar mjög fljótt og ég er reynslunni ríkari eftir að hafa unnið í þessu umhverfi," segir þjálfarinn enn fremur um tímann í Katar.

> **Við fjölskyldan erum á leið í okkar fyrsta sumarfrí saman og það er frábært að vera kominn heim. Við gátum ekki fengið neinar heimsóknir til Doha þannig að það er yndislegt að hitta aftur fjölskyldu og vini.**


Freyr Alexandersson.

### Fjölskyldan lærði mikið í Katar

„Það var ekki nógu mikið jafnvægi í gæðum leikmannahópsins og mér finnst það merki um hversu góður þjálfari Heimir er hversu góðum árangri hann náði með liðið.

Þá segir það sitt um það hversu sterkur karakter hann er og hvað hann er góður í að ná fólki á sitt band hversu lengi hann hefur verið við störf hjá félaginu," segir Freyr en liðið var þremur stigum frá því að tryggja sér sæti í Meistaradeild Asíu á næstu leiktíð. Mikil velta var á þjálfurum hjá Al Arabi áður en Heimir tók við en hann stýrði liðinu í tæp þrjú ár.

„Við fjölskyldan lærðum mikið á að búa í Katar en það þarf að sýna mikla þolinmæði þarna. Samfélagið er þannig að það tekur tíma að fá hluti eins og internet og síma og annað í þeim dúr. Öll pappírsvinna tekur töluverðan tíma og það kenndi okkur að ná aðeins meiri ró í hversdeginum," segir Freyr sem á þrjú börn með eiginkonu sinni.

„Við fjölskyldan erum á leið í okkar fyrsta sumarfrí saman og það er frábært að vera kominn heim. Við gátum ekki fengið neinar heimsóknir til Doha þannig að það er yndislegt að hitta aftur fjölskyldu og vini," segir hann um næstu vikur.

„Það eru svo komnar einhverjar þreifingar af stað um næsta þjálfarastarf. Við Heimir og Bjarki Már höfum myndað mjög öflugt þjálfarateymi sem vegur hvern annan vel upp. Við höfum áhuga á því að starfa áfram saman en svo er spurning hvort að það sé mögulegt.

Það eru þreifingar hjá félögum í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Asíu og svo er bara spurning hvort að það okkar fyrsta sumarfrí saman og það heimsóknir til Doha þannig að það leiði út í formlegar viðræður. Ég hef einnig fundið fyrir áhuga á því að ráða mig sem aðalþjálfara og það kemur alveg til greina líka," segir þjálfarinn um framhaldið. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGABLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 25. maí 2021












Ólafía þurfti að taka inn verkjalyf daglega til að draga úr sársauka í hnjám en hefur nú endurheimt liðleika vegna Active Joints . FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Líður undurvel á líkama og sál

Ólafía Ingólfsdóttir var á leið í hnjáskiptaaðgerð þegar hún komst á snoðir um bætiefnið Active Joints frá Eylíf. Á örskömmum tíma var hún farin að hreyfa sig sem aldrei fyrr. 2



Ólafía finnur víðtækan mun á sér til hins betra eftir að hún fór að taka inn Active Joints og er nú farin að stunda jóga og hreyfa sig sem aldrei fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ólafía Ingólfsdóttir er 69 ára og starfaði sem rekstrarstjóri á N1 á Hvolsvelli.

„Ég vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin svo slæm í hnénu að ég tók stundum hátt í tíu verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja,“ útskýrir Ólafía.

Það var svo í fyrrasumar sem Ólafía var á leið í hnjáliðaskipti að hún sá auglýsingu um Active Joints frá Eylíf.

„Ég hugsaði með mér að ég hefði engu að tapa og ákvað að prófa að taka það inn. Árangurinn lét ekki á sér standa, hann kom fram innan þriggja vikna og í september var ég farin að sofa betur og orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur dagana langa,“ upplýsir Ólafía, alsæl með góðan árangur Active Joints á heilsu sína.

„Ég finn líka mikinn mun á meltingunni og mér líður almennt mikið betur líkamlega og andlega. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei áður gert. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki áður,“ segir Ólafía.

„Svo er gaman að segja frá því að í kringum mig eru tíu manns sem eru einnig að taka inn Active Joints og finna sömuleiðis mikinn mun á sér líkamlega til hins betra.“

**Ólafía mælir svo sannarlega með Active Joints frá Eylíf.**

„Það er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo mikið betur og hef miklu meiri liðleika, sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Ég er einnig byrjuð að taka inn Smoother Skin & Hair frá Eylíf og finn strax mun á húðinni, nöglunum og hárinu því ég hafði glímt við hárlos. Ég mæli því 100 prósent með vörunum frá Eylíf.“

**Heilsan er dýrmætust**

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar frábærar heilsuvörur sem reynst hafa fólki vel. Þær eru Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og nýjasta varan Happier Guts. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukefnum er bætt við.

Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylíf.

„Hugmyndin að vörulínunni kom til vegna þess að mig langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem framleidd eru á Íslandi á sjálfbæran hátt úr íslenskum, náttúrulegum auðlindum og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum,“ upplýsir Ólöf.

Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan okkar er Active Joints sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og sýna margra ára rannsóknir fram á jákvæð áhrif þeirra,“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka, sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi, og notum hreina, íslenska náttúruafurð og hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Hráefni sem notuð eru í bætiefnin frá Eylíf eru ekki erfðabreytt.

„Þau stuðla að heilbrigði og sveigjanlegri líkama því þá erum við færari um að takast á við verkefnin í dagsins önn. Við vitum öll að heilsan er okkur dýrmætust og því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsufarsvandamál. Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu og þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna,“ segir Ólöf Rún.

## Lífið nú annað og betra en áður

„Ég mæli eindregið með Happier GUTS frá Eylíf því það hefur reynst mér mjög vel,“ segir Þórdís S. Hannesdóttir sem hefur af því frábæra reynslu.

„Ég var svo heppin að kynnast Happier GUTS eftir ábendingu um að bætiefnið virkaði vel fyrir meltinguna. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og prófað ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna, en var hreinlega hætt að gera mér vonir um betri líðan því ekkert kom að gagni. Ég var því farin að sætta mig við að vera bara svona og lítið við því að gera,“ segir Þórdís sem hafði verið í langri hvíld frá bætiefnum þegar hún ákvað að prófa Happier GUTS.

„Ég sé svo sannarlega ekki eftir því, því eftir aðeins tveggja mánaða notkun á Happier GUTS fann ég gríðarlegan mun á mér og lífið varð allt annað og betra en áður. Óþægindi frá meltingarvegi hurfu og þarmastarfsemin er komin í gott lag. Ég fann líka hvernig almenn líðan varð mjög góð, bæði andleg og líkamleg, og mér líður svo miklum mun betur.“

Þórdís mælir eindregið með Happier GUTS fyrir alla sem eiga við meltingaróþægindi að stríða.

„Ég mun svo sannarlega halda áfram að taka inn þetta frábæra bætiefni sem er unnið úr íslenskum gæðahráefnum og framleitt hér á Íslandi. Það hefur hjálpað mér mjög mikið.“ ■



Þórdís S. Hannesdóttir.




Bætiefnalínan frá Eylíf samanstendur af Happier Guts, Active Joints, Stronger Bones og Smoother Skin & Hair.

> **Active Joints er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Mér líður svo mikið betur og hef miklu meiri liðleika, sem eru mikil lífsgæði fyrir mig.**
>
> Ólafía Ingólfsdóttir.

**Heilsubót úr íslenskri náttúru**

Nýjasta varan frá Eylíf er Happier GUTS. Það inniheldur fjögur íslensk hráefni, sem eru:

- Kítósan, unnið úr rækjuskel sem eru náttúrulegar trefjar og reynist vel fyrir meltinguna. Það dregur í sig fituefni úr meltingaveginum.
- Kalkþörungar sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 steinog snefilefni frá náttúrunni.
- GeoSilica kísill sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni.
- Fjallagrös sem eru vel þekkt fyrir sín góðu áhrif í gegnum tíðina.

Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af meltingarensímum, C-vítamíni, krómi, joði og sinki.

Athugið að ekki má taka D-vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða sirka tvær klukkustundir á milli.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í Eylíf-vörurnar eru: kalkþörungar frá Bíldudal, smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ, GeoSilica frá Hellisheiði, kollagen frá Sauðárkróki og kítósan frá Siglufirði.

Íslenskar jurtir eru handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði. Hrein hráefni og íslensk framleiðsla. ■

Fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Nettó og á eylif.is þar sem hægt er að fá fría heimsendingu.

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson
Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

21. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 25. maí 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN




Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti




MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

# Hús með mikla möguleika

Miklaborg kynnir: Reisulegt tvílyft einbýli á þessum vinsæla stað. Eignin er 283,4 fm, þar af er bílskúr 39 fm. Fallegt útsýni til fjalla og að Öskjuhlíð. Upprunalegt ástand og þörf á endurbótum. Núverandi skipulag er sér íbúð á hvorri hæð með þvottahúsi og geymslum í kjallara.

Gengið er inn í anddyri þaðan sem innangengt er í bílskúr. Fyrst er stigahús og komið beint í íbúð á neðri hæð. Sama skipulag er á báðum hæðum skv. samþykktum teikningum. Fyrst er gangur þar sem baðherbergi með opnanlegum glugga er á hægri hönd. Næst er svefnherbergi og við hliðina á því er eldhús. Við hlið eldhússins er stór stofa og á vinstri hönd frá gangi er hjónaherbergi. Skipulagi hefur verið breytt lítillega á neðri hæð þannig að búið er að minnka stofu og útbúa herbergi í fremri hluta og tvöföld glerhurð er á milli hjónaherbergis og stofu.

Samtals eru 5 svefnherbergi í húsinu og tvær stofur. Kjallarinn er 47,2 fm og rúmar þvottahús og hitakompu ekki með fullri lofthæð og tvær geymslur, þar af önnur mjög rúmgóð.



Þetta hús við Einarsnes er til sölu hjá Miklaborg.

Húsið er tvílyft timburhús með steyptum kjallara. Skráð byggingarár er 1945, en það var byggt í kringum 1955. Bílskúr er frá árinu 1990. Hann er tvöfaldur og með gryfju undir og með tveimur gluggum sem snúa að garði og bíður því upp á ýmsa möguleika. Húsið er að lang mestu leyti upprunalegt og þörf er á viðhaldi og endurbótum ytra sem innra. Allar lagnir eru upprunalegar þ.m.t. raflagnir.

Húsið stendur á 549 fm lóð. Gott hellulagt plan er við innkeyrslu og hellulögð verönd í bak við hús til suðurs. Einnig eru til sölu tvær aðliggjandi baklóðir, hvor um sig er 661 fm á 33 milljónir. Einarsnes 70 A sem er beint sunnan við húsið og Einarsnes 70 sem er austan við. Á þeirri lóð er 81,2 fm bílskúr til niðurrifs. Einstakt tækifæri fyrir til dæmis tengda aðila sem vilja vera nágrannar.

Frábærlega staðsett eign sem býður upp á mikla möguleika.

Allar frekari upplýsingar gefur Þórunn Páls. s. 7736000 og thorunn@miklaborg.is Eignin verður ekki sýnd fyrir opna húsið á morgun, 26. maí, milli kl 17 og 18. Vinsamlegast boðið komu ykkar.




ÁS FASTEIGNASALA
Stofnað 1988

Aron Freyr Eiríksson
lögg. fasteignasali
Sími: 772 7376

Fjarðargötu 17, Hafnarfirði
Opið virka daga kl 9-17
Sími 520 2900
Netfang: as@as.is
Heimasíða: www.as.is



Dofraberg 11, Hafnarfirði

166,3 fm endaíbúð á tveimur hæðum (2. og 3. hæð).

Skipting eignar: neðri hæð 95,7 fm - efri hæð 60,2 fm - geymsla í kjallara 10,4 fm, samtals 166,3 fm. Frábær staðsetning á eign í þessu vinsæla hverfi.



Verð: **69.900.000 kr**
Fasteignamat: **59.400.000 kr**
Stærð: **166,3 fm**
Stofur: **2**
Svefnherbergi: **4**
Baðherbergi: **2**
Byggingarár: **1989**

**OPIÐ HÚS** fimmtudaginn 27.maí frá kl. 16:30 - 17

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
# Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2018


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is


Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Garðabær
## Einbýlis – raðhús og parhús óskast fyrir trausta kaupendur

## Stuðlaborg – *Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastað og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

## Sumarhús – Valhallarstígur - Þingvöllum



- Reisulegt sumarhús við Valhallarstíg Nyrðri, Þingvöllum, Bláskógabyggð. Gróin lóð með hávöxnum trjám við opið svæði nærri Þingvallavatni með víðáttumiklu útsýni yfir vatnið og fjallasýn.
- Húsið er afar vel byggt hús frá fyrstu gerð, reisulegt og stílhreint, en þarfnast talsverðrar endurnýjunar. Timburhús á steyptum grunni, ein hæð og ris, byggt á árunum 1929-1930 að raunstærð um 125,0 fm.
- Lóðin er leigulóð 5.600,0 fm. að stærð og er í eigu Ríkissjóðs Íslands. Aðgengi að húsinu er mjög gott frá bílaplani framan við húsið.

## Skúlagata 40B – Glæsileg íbúð á efstu hæð.



- Glæsileg 139,9 fermetra íbúð á 4. og efstu hæð í litlu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri við Skúlagötu. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu.
- Mikil lofthæð er í stofum. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Sjónvarpsstofa.
- Búið er að endurnýja innréttingu og tæki í eldhúsi ásamt innréttingu á baðherbergi. Hellulagðar svalir til austurs og suðurs.
- Góð aðkoma er frá Barónsstíg og næg bílastæði.

**Verð 79,9 millj.**

## Flókagata – 4ra herbergja neðri sérhæð



- Mikið endurnýjuð 4ra herbergja 104,1 fermetra neðri sérhæð í góðu steinsteyptu fjórbýlishúsi við Flókagötu í Reykjavík auk sér geymsluskúrs á baklóð hússins.
- Vandað eikarparket, innrétting og tæki í eldhúsi endurnýjuð auk baðherbergis og fataskápa. Eldhús er bjart og með miklum gluggum. Rúmgóðar samliggjandi stofur. 2 svefnherbergi.
- Útitröppur eru nýlega steyptar upp á nýtt og með hitalögnum í auk þess sem stigapallur er yfirbyggður með skyggni. Sameign í kjallara er öll nýlega máluð og mjög snyrtileg.

**Verð 69,9 millj.**

## Grandavegur 42G – 2ja herbergja íbúð



- Virkilega falleg 93,5 fm. 2ja herbergja íbúð auk 7,4 fm. yfirbyggðra opnanlegra svala til vesturs með viðarklæddu gólfi í vönduðu lyftuhúsi við Grandaveg.
- Sér bílastæði í bílageymslu. Útsýnis nýtur til sjávar.
- Mjög rúmgott svefnherbergi með miklum fataskápum. Eldhús er opið við stofu sem er rúmgóð og björt.
- Sameiginleg gestabílastæði eru í bílakjallara og er dyrabjöllukerfi á bílageymslu.

**Verð 59,9 millj.**

## Bergstaðastræti 46- 2ja herbergja íbúð.




**Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30**

- Falleg 42,9 fermetra 2ja herbergja kjallaraíbúð við Bergstaðastræti 46 í miðborg Reykjavíkur.
- Búið er að endurnýja m.a. eldhúsinnréttingu og eldavél og baðherbergi. Einnig hafa gólfefni verið endurnýjuð ásamt gluggum og gleri. Nýleg rafmagnstafla fyrir húsið.
- Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús sem er opið í stofu, stofu/borðstofu, eitt herbergi og baðherbergi.

**Verð 32,9 millj.**

## Laugavegur 51- verslunarhúsnæði



- 99,7 fm. verslunarhúsnæði við Laugaveg 51 auk 103,9 fm. kjallara sem bæði er innangengt í og er líka bæði með innkeyrsludyrum af baklóð og göngudyrum.
- Húsnæðið er með mjög stórum gluggum út að Laugaveginum.
- Sér bílastæði á baklóð hússins fylgir eignarhlutanum.

Mögulegt væri að skipta húsnæðinu upp í tvo eignarhluta, kjallara og hæð og leigja út í sitthvoru lagi. Þetta er húsnæði sem getur hentað mjög vel undir verslun, veitingahús, skrifstofur o.fl.

## Skólavörðustígur – til leigu

- **77 fermetra** verslunarhúsnæði til leigu með góðum verslunargluggum sem vísa út á Skólavörðustíg. Laust fljótlega
- **105,6 fermetra** verslunarrými á tveimur hæðum til leigu neðarlega á Skólavörðustígnum. Laust til afhendingar strax.
- **70,6 fermetra** verslunarhúsnæði á götuhæð til leigu í nýlegu húsi við Skólavörðustíg. Húsnæðið er einn stór salur með góðum verslunargluggum út að Skólavörðustígnum.

## Sólborg – *Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 4ra herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

## Naustavör nr. 44-50. *Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.*




- Naustavör 44-50 eru hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar sem eftir eru eru frá 80,6 fm. upp í 135,2 fm. , 2ja til 4ra herbergja. Til afhendingar okt/nóv 2020.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar sjálfar verða afhentar án gólfefna, en flísar verða á gólfum á baði og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum.

**Afhendingartími íbúða er á tímabilinu júlí til desember 2021.**
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is**

FOLD FASTEIGNASALA

# Traust og rótgróin fasteignasala

**Sími 552 1400   fold.is**




**Viðar Böðvarsson**
Eigandi og framkvæmdastjóri: Viðskiptaf. og lg.f.
vidar@fold.is
S: 694 1401

**Einar Marteinsson**
löggiltur fasteignasali
einarm@fold.is
S: 893 9132

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
Eigandi - BA í bókmennta-fræði og íslensku
anna@fold.is

**Sævar Bjarnason**
Iðnrekstrarfræðingur sölumaður-löggildingarnemi
saevar@fold.is
S: 844 1965

**Gústaf Adolf Björnsson**
Löggiltur fasteignasali og íþróttafræðingur
gustaf@fold.is
S: 895 7205

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfræðingur og löggildingarnemi.
rakel@fold.is

**Hlynur Ragnarsson**
Sölumaður-löggildingarnemi.
hlynur@fold.is
S: 624 8080


## Kóngsbakki 7, 109 Rvk, 4ra herbergja.

**OPIÐ HÚS ÞRI 25/5 KL. 16:15-17:15.**




Mjóg góð og mikið uppgerð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð ásamt geymslu í kjallara, samtals 99,4 fm. Búið að endurnýja eldhús, bað og gólfefni sem og rafmagn og vatnslagnir. Parket og flísar á gólfum. Þrjú svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Laus við kaupsamning. **Verð 46,9 millj.**
**Opið hús þriðjudaginn 25. maí kl. 16:15-17:15,**
**verið velkomin - bjalla 3HH.**

## Álftamýri 8, 108 Rvk, 4ra herbergja á 4. hæð.

**OPIÐ HÚS MIÐ 26/5 KL. 16:00-17:00.**




4ra herbergja endaíbúð á 4. hæð miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin er skráð 86,9 fm og 4 fm sérgeymsla og skiptist í forstofu, eldhús, stofu, 3 svefnherbergi og baðherbergi. Frábær staðsetning og stutt í verslun og þjónustu.
**Verð 48,5 millj. Opið hús miðvikudaginn 26. maí milli kl. 16:00-17:00.**
**Pantið tíma hjá: hlynur@fold.is / 624-8080.**

## Hrafnhólar 2, 111 Rvk,

**4RA HERBERGJA Á 2. HÆÐ + BÍLSKÚR.**



4ra herbergja íbúð á 2. hæð á góðum stað í Breiðholti. Íbúð og geymsla er skráð samtals 105,6 fm og bílskúr 25,6 fm. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, 3 svefnherbergi og baðherbergi.
**Verð 49,9 millj.**
**Nánari upplýsingar gefur hlynur@fold.is / 624-8080.**

## Akurgerði 52, 108 Rvk.,

**PARHÚS + BÍLSKÚR.**




Ca. 136 fm. vel skipulagt parhús á tveimur hæðum auk bílskúrs. Á neðri hæð eru stofur með aðgengi á pall og í fallega ræktaðan garð auk eldhúss, gesta-snyrtingar og forstofu. Á efri hæð eru svefnherbergi, baðherbergi, o.fl. Vinsamlegast bókið einkaskoðun á fold@fold.is eða símleiðis hjá starfsmönnum Foldar. **Verð 74,9 millj.**

## Miðtún 16, 105 Rvk,

**PARHÚS MEÐ AUKAÍBÚÐ.**




Vel skipulagt parhús á steyptum kjallara á góðum stað í Túnunum, samtals 186,1 fm. Aðalíbúðin á tveimur hæðum, 110,3 fm, skiptist í hol, eldhús, 3 svefnherbergi, salerni, sjónvarpskrók, baðherbergi og tvær stofur. Í kjallara er 52,8 fm 2ja herbergja mikið uppgerð íbúð m/sérinngang. Til viðbótar er 23 fm skúr/vinnustofa. Nýlega endurnýjað þak. **Verð 86.9 m.**
**Nánari upplýsingar gefur hlynur@fold.is / 624-8**080.

## Hallkelshólar, 801 Selfoss,

**TVEIR BÚSTAÐIR Á 5 HEKTARA EIGNARLANDI.**




60 fm sumarhús ásamt 40 fm gestahúsi á 5,3 hektara eignarlandi til sölu. Fimm svefnherbergi samtals. Um er að ræða sannkallaðan sælureit. Lóðin er skógi vaxin með fallegum lundi og skemmtilegri útivistaraðstöðu. Rafmagnskynding í báðum húsum. Stutt í margvíslega þjónustu og afþreyingu.
**Velkomið að vera í sambandi og fá tíma fyrir skoðun: fold@fold.is / 552-1400.**

## Sandskeið,

**LÓÐ VIÐ ÞINGVALLAVATN.**




Sandskeið C-Gata 6 er 5000fm eignarlóð á skipulögðu sumarhúsasvæði í landi Miðfells í Bláskógarbyggð. Almenn markmið sem deiliskipulag í landi Sandskeiðs tekur tillit til eru m.a. að frístundarbyggð falli vel að landslagi og áhrif hennar á náttúrulega ásýnd og vistkerfi verði lágmörkuð. Lóðirnar eru töluvert stórar en ekki er byggt á þeim öllum í dag. **Verð 2,3 millj.**

## Óskum eftir

**Mikil eftirspurn eftir sumarhúsum**

**Áratuga reynsla í sölu sumarhúsa**

**Erum að skoða eignir á Suður- og Vesturlandi**

**Velkomið að hafa samband**

## Óskum eftir

**- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila**

**- húseign með nokkrum íbúðum.**

**- traustar greiðslur**

**- langur leigutími**

**- nánari upplýsingar á skrifstofu**

## Hvað kostar eignin mín?

**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## *Þú finnur okkur á fold.is*

# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars, lögg. fasteignasali, Sími: 695 5520
Gunnar S. Jónsson, lögg. fasteignasali, Sími: 899 5856
Ólafur Finnbogason, lögg. fasteignasali, Sími: 822 2307
Atli S. Sigvarðsson, lögg. fasteignasali, Sími: 899 1178
Elín Alfreðsdóttir, lögg. fasteignasali, Sími: 899 3090
Ingi Þór Ingólfsson, lögg. fasteignasali, Sími: 698 4480
Ómar Hvanndal, hdl. & aðst. fasteignas, Sími: 832 3200
Barbara R. Bergþórs, lögg. fasteignasali, Sími: 823 0339
Svan G. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali, Sími: 697 9300
Þórunn Pálsdóttir, lögg. fasteignasali, Sími: 773 6000
Ásgrímur Ásmunds, hdl. & lögg. fasteignas, Sími: 865 4120
Þröstur Þórhallsson, lögg. fasteignasali, Sími: 897 0634
Jórunn Skúladóttir, lögg. fasteignasali, Sími: 845 8958

2015 2020 Framúrskarandi fyrirtæki



Þóroddur S. Skapta, lögg. fasteignasali, Sími: 868 4508
Jason Kr. Ólafsson, lögg. fasteignasali, Sími: 775 1515
Axel Axelsson, lögg. fasteignasali, Sími: 778 7272
Óskar H. Bjarnasen, lögg. fasteignasali, Sími: 691 1931
Kjartan Í. Guðmunds, aðst. fasteignasala, Sími: 663 4392
Þórhallur Biering, lögg. fasteignasali, Sími: 896 8232
Friðrik P. Stefáns, hdl. & aðst. fasteignas, Sími: 616 1313
Friðjón Ö. Magnúss., lögg. fasteignasali, Sími: 692 2704
Óskar S. Axelsson, aðst. fasteignasala, Sími: 691 2312
Anton Karlsson, lögg. fasteignasali, Sími: 771 8601
Páll Þórólfsson, lögg. fasteignasali, Sími: 893 9929
Ragnheiður Péturs, hdl. og löggiltur fasteignasali






## Austurkór 104

**203 Kópavogur**

**Glæsileg 200 fm efri sérhæð með bílskúr**

- Stórbrotið útsýni
- Vönduð Gira lýsing og gólfhiti
- Fallegar innréttingar og björt eign
- Einstök eign

Nánari upplýsingar:
**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Verð: **130 millj.**






## Dimmuhvarf 27

**203 Kópavogur**

**Glæsilegt 356,4 fm einbýlishús með 3 auka-íbúðum, hellulagt bílaplan**

- Aðalhúsið er 4ra herbergja og bílskúr og 3ja herbergja íbúð á neðri hæð með sérinngangi
- Bakhús sem er útfært sem 2 íbúðir sú stærri og er 3ja herbergja og stúdíóíbúð
- Stór geymsla í gestahúsinu og önnur minni við hliðina á studio íbúðinni

Nánari upplýsingar:
**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **192 millj.**







## Einarsnes 68

**102 Reykjavík**

**Reisulegt 283,4 fm tvílyft einbýli á þessum vinsæla stað**

- Falleg útsýni til fjalla
- Tvær sér íbúðir á hæðum.
- Tvöfaldur 39 fm bílskúr
- Upprunalegt ástand og þörf á endurbótum
- Einnig til sölu tvær aðliggjandi 661 fm baklóðir á 33 millj. hvor
- **Eignin verður ekki sýnd fyrir opna húsið - boðið komu ykkar**

Nánari upplýsingar:
**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **115 millj.**






## Faxaskjól 18

**107 Reykjavík**

**Fallegt 329 fm einbýlishús með glæsilegu sjávarútsýni**

- Eitt af fáum einbýlishúsum borgarinnar við Skerjafjörð
- Glæsilegt sjávarútsýni / glæsilegar stofur
- Sjö rúmgóð og björt svefnherb.
- Möguleiki á þremur íbúðum
- Öll rýmin rúmgóð og björt
- Einstök staðsetning

Nánari upplýsingar:
**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **159 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

**569 7000**

**Með þér alla leið**

**miklaborg.is**

# Stúdíó Austurhöfn tekur þátt í HönnunarMars

Dyrnar hafa verið opnaðar í Stúdíó Austurhöfn fyrir gestum og gangandi í tilefni af HönnunarMars í vikunni. Stúdíó Austurhöfn er ný þjónustu- og hönnunarmiðstöð, staðsett við Bryggjugötu í Austurhöfn.

Halldór Eiríkssonar arkitekt verður gestum til leiðsagnar um nokkrar íbúðir í Austurhöfn, hann kynnir gestum hugmyndafræði hönnunarinnar og fjallar um Austurhöfn í víðu samhengi, sögu Kvosarinnar og Reykjavíkurhafnar.

„Þetta er frábært tækifæri fyrir áhugasama að kynna sér svæðið og þá þjónustu sem verður í boði. Íbúðirnar eru í hæsta gæðaflokki og eiga sér enga hliðstæðu, hvorki hér á landi né í löndunum í kringum okkur. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga frá því að svæðið fór að taka á sig mynd og því er um að gera að kynna svæðið,“ segir Björn Gunnlaugsson hjá Austurhöfn.

Íbúðirnar og innréttingar þeirra eru hannaðar af íslensku arkitektastofunni T.ark, og innréttingarnar eru framleiddar af ítölskum innréttingaframleiðendum, Gili Creations. Auk þess má kynnast heimilislausnum fyrir þá sem gera miklar kröfur til gæða og hönnunar.

Stúdíó Austurhöfn er samstarfsverkefni Austurhafnar, Íslenskra fasteigna og Regins, fasteignasölunnar Mikluborgar, T.ark arkitekta, og hönnuða og framleiðenda á sviði innréttinga og húsgagna. Stúdíó Austurhöfn er staðsett við Bryggjugötu 2a.



Í Austurhöfn eru glæsilegar byggingar þar sem vandað var til verka.



Halldór hefur farið í leiðsöguferð um íbúðir í Austurhöfn.

Opnunartími Stúdíós Austurhafnar er kl. 11.00-18.00, þeir sem vilja hlýða á leiðsögn Halldórs geta skráð sig á honnunarmars.is/dagskra/2021/studioausturhofn





Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is




heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.
Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is
FÉLAG FASTEIGNASALA


Sérfræðingar í ráðningum
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
FAST Ráðningar
www.fastradningar.is


RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR
RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI
Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.
Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is
intellecta

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

AÐALKAUP
Bílasala



**MOLI - EKINN AÐEINS 34Þ. KM.**
KIA SPORTAGE EX. Árgerð 2016, ekinn aðeins 34þkm., DÍSEL, sjálfskiptur. Topp þjónustusaga! Verð 3.777.000. Rnr.120485. Tl sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu, Skeifunni 3C.

AÐALKAUP
Bílasala



**7 MANNA INSCRIPTION!**
VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION twin engine. Árgerð 2019, ekinn 34 þ.km., rafmagn/bensín, sjálfskiptur, einn eigandi! Mjög vel útbúinn lúxus jeppi! Verð 10.977.000. Rnr.120492. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu, skeifunni 3C.

**Aðalkaup - Bílasala**
**Skeifan 3C, 108 Reykjavík**
**Sími: 888 3715**
**adalkaup@adalkaup.is**
**http://adalkaup.is**

SPA R bill



Nýr Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Svartur - hvítur og Dökkgrár. 800.000 undir tilboðsverði umboðs á aðeins 4.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bátar




## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Bókhald

*Accountant
Accountant ehf.
Laugavegi 178,
105 Reykjavík
S. 490-0095
info@accountant.is
www.accountant.is

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR.IS**
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

### Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**RUNARMURARI.IS**
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16,**
**Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til sölu




Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204









# ÁLETRUN OG VINNA*

## INNIFALIN Á ÖLLUM LEGSTEINUM

### AÐ AUKI ER 20% AFSLÁTTUR AF LEGSTEINUM Í MAÍ




**ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU**

**AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI**

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Innifalin áletrun miðast við 1 - 2 nöfn ásamt uppsetningu legsteins.
Akstursgjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNIR 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# OKKAR ALLRA BEZTU



Vifturnar sem bæði **New York Times** og **BI** hafa valið bestu vifturnar. Ekki af ástæðulausu.

- KASTLANGAR
- KRAFTMIKLAR
- 100 HRAÐAR
- HLJÓÐLÁTAR

**BORÐVIFTUR - LOFTVIFTUR - STANDVIFTUR**

íshúsið

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is

Andaðu léttar...




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF


Elskarðu
að hangsa?
fatboy
fatboy®
Fatboy hengirúmin eru fullkominn staður til þess að hanga á og hvílast.
Hvort sem er inni eða úti, heima eða uppi í bústað, Headdemock hengirúmið frá Fatboy elskar að hangsa með þér.
Verð 84.900 kr.
Fatboy | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588 1955 | sekkur.is

## Bæjarlistamaður

gun@frettabladid.is

Djasspíanistinn Sunna Gunnlaugsdóttir hlaut titilinn bæjarlistamaður Kópavogs 2021 síðasta föstudag og styrk sem nemur 1.5 milljónum króna. Á móti er óskað eftir þátttöku hennar í viðburðum og eflingu áhuga á list og listsköpun í bænum.

Valið var tilkynnt í Salnum af Karen Elísabetu Halldórsdóttur, formanni lista- og menningarráðs Kópavogs, að viðstöddum Ármanni Kr. Ólafssyni bæjarstjóra. „Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar er hreykið af þessari niðurstöðu,“ sagði Karen Elísabet og gat þess að Sunna hefði átt sinn þátt í að byggja upp blómlegt tónlistarlíf Kópavogsbæjar, meðal annars með tónlistarhátíðinni Jazz í Salnum. „Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs með henni næsta árið.“ ■



Ármann, Sunna og Karen á hátíðarstund. MYND/AÐSEND



✝

Ástkær faðir minn, sonur okkar, bróðir, mágur og uppáhalds frændi,

**Garðar Smári Ómarsson**

lést 16. maí.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 28. maí kl. 15.

**Ómar Alex Garðarsson**
**Ómar Bjarni Þorsteinsson** **Þóra Björk Harðardóttir**
**Magnús Valur Ómarsson** **Ragnheiður Blöndal**
**Edda Ásgerður Skúladóttir** **Steindór Arnar Jónsson**
**Unnur Dögg Ómarsdóttir** **Frímann Haukdal**
**og frændsystkin.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Halldóra Edda Jónsdóttir**

Otrateigi 32, Reykjavík,

lést sunnudaginn 16. maí umvafin ást og friði. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju 27. maí klukkan 15.

**Sigurður Þorkell Árnason**
**Jón Viðar Sigurðsson** **Katrín Dóra Valdimarsdóttir**
**Steinunn Viðar Sigurðardóttir** **Páll Hjalti Hjaltason**
**Magnús Viðar Sigurðsson** **Ilmur Kristjánsdóttir**
**Þorvaldur Sigurðsson** **Herdís Ástráðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Sverrir Einarsson

Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242


Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



“Mér fannst fyrsta árið í skólanum lengi að líða en allt í einu er ég útskrifuð!” segir Ingunn Ósk. MYND/AÐSEND

# Mig langaði alltaf að dúxa

Ingunn Ósk Grétarsdóttir var með 10 í einkunn í öllum áföngum þriggja ára námsferils síns við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Það er met í 34 ára sögu skólans.

gun@frettabladid.is

Tíurnar voru ekki planaðar í byrjun en mig langaði alltaf að dúxa,“ segir Hornfirðingurinn Ingunn Ósk Grétarsdóttir glaðlega eftir að hafa náð besta stúdentsprófi við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu sem um getur. „Þegar ég hóf þriðja og síðasta árið sá ég svo að það væri gerlegt að enda með eintómar tíur og þannig varð það.“

Útskriftin fór fram síðasta laugardag, þar dúxaði Ingunn Ósk og tók við verðlaunum fyrir framúrskarandi árangur í þýsku og íslensku, auk menntaverðlauna Háskóla Íslands. Þegar hringt er í hana undir kvöld hvítasunnudags er fyrsta spurning hvort verið sé að trufla hana og tefja. „Nei, ég tók nú bara frídag í dag, ákvað að leyfa mér það!“ svarar hún létt og viðurkennir að það hafi ekki gerst lengi. „Mér hefur alltaf þótt gaman að standa mig vel í skóla og má alveg segja að ég sé svolítið nörd!“ Síðan lýsir hún í stuttu máli leiðinni að hinu glæsta stúdentsprófi. „Í 10. bekk grunnskólans tók ég tvo framhaldsskólaáfanga í þýsku og einn í dönsku, samhliða náminu þar, því tungumál eru dálítið mín sterka hlið. Fór svo í FAS haustið 2018 á Náttúru-og raunvísindabraut því ég hef líka áhuga á þeim greinum og gekk vel, þá byrjuðu tíurnar að tínast inn. Svo bara hélt það áfram að gerast.“

»

**Ingunn Ósk sigraði árið 2019 í svokallaðri þýskuþraut sem Félag þýskukennara og Þýska sendiráðið stóðu fyrir og hlaut mánaðarnámsdvöl í Þýskalandi að launum.**

### Lærði að passa upp á svefninn

Ingunn Ósk segir Covid-19 síst hafa spillt fyrir henni á siglingunni. „Þegar skólinn lokaðist í fyrravor var ég svo heppin að fá fyrirtaks aðstöðu hjá frænku minni. Gekk svolítið brösótt fyrst en svo náði ég taktinum, fór bara í trans, lærði frá 8-16 og þótti endalaust gaman, var alltaf spennt að vakna til að læra eitthvað nýtt. Ákvað svo að ljúka lokaverkefninu til stúdentsprófs í fyrrasumar- og haust, svo það væri búið. Ætlaði bara að búa til plöntusafn sem endaði í gróðurframvindurannsókn. Síðasta vetur gat ég oftast mætt eitthvað í skóla og lærði svo heima á móti, eða á Teams, það var líka fínt, þá gat ég lært það sem mig langaði þegar mig langaði.“ Þó að þetta hljómi ljúft viðurkennir hún að hafa vakað of mikið yfir skruddunum fyrsta árið sitt í FAS. „Ég lenti í því um vorið að brenna næstum út, færðist aðeins of mikið í fang. Síðan hef ég tileinkað mér námstækniaðferðir og passað vel upp á svefninn. Heilinn þarf að hvílast. Svo er líka nauðsynlegt að hreyfa sig, þó ekki sé nema í göngutúr.“

### Í tónlistinni líka

Eins og títt er um afburðanemendur hefur Ingunn Ósk sinnt tónlistarnámi líka og það fékk hún metið í FAS. „Ég var að ljúka tíunda ári við Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Hef æft á þverflautu í tíu ár og hafði tækifæri til að spila með ungsveit Sinfóníunnar árið 2019. Síðan tók ég líka, upp á gamanið, þrjú ár á saxófón. Við erum afskaplega heppin með Tónskólann, þar er drífandi fólk sem vill allt fyrir mann gera. Það var erfið ákvörðun að fara ekki lengra með tónlistina núna en það má alltaf taka upp þráðinn síðar.“

Ekki er daman síður ánægð með FAS, segir þar góðan anda, góða kennara og góða krakka. „Það eru forréttindi að hafa fengið að vera í FAS,“ segir hún. „Öll samskipti eru svo auðveld og ég hef farið í jöklamælingar, fuglatalningar og alls konar skemmtilegar ferðir sem eru kannski ekki alls staðar í boði. Mér fannst fyrsta árið lengi að líða en allt í einu er ég útskrifuð!“

Hún kveðst geta þakkað mörgum árangur sinn, bæði utan og innan fjölskyldunnar. „Ég hef oft verið í sveit hjá ömmu og afa í Akurnesi, þar hef ég lært að vinna misskemmtileg störf og það er lykilatriði. Sigurður móðurbróðir var að kenna við FAS fyrsta árið mitt. Hann átti fyrra metið við skólann og er ánægður að það sé enn innan fjölskyldunnar!“

Í sumar ætlar Ingunn Ósk að vinna á Hjúkrunarheimilinu á Höfn. „Svo kíki ég náttúrlega í sveitina,“ segir hún. „En í haust stefni ég í líffræði eða lífeindafræði við Háskóla Íslands. Það verður gaman að byrja þar.“ ■



Nýtt heyrnartæki frá Beltone
Beltone Imagine™
Skert heyrn spyr ekki alltaf um aldur
Þó aldur sé vissulega ein af ástæðum skertrar heyrnar koma ýmsir aðrir þættir til. Margir viðskiptavinir okkar tala um að þeir vildu hafa komið fyrr. Hágæða heyrnartækin frá Beltone Imagine™ geta bætt lífsgæðin þín til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone Imagine™ – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

## Veðurspá Þriðjudagur




Suðaustan 3-8 í dag, en 8-13 á suðvesturhorninu. Víða léttskýjað, en skýjað með austur- og suðurströndinni. Hiti frá 5 stigum austast á landinu, upp í 15 stig á Vesturlandi.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Bjarnsteinn Þórsson (Taflfélagi Garðabæjar) átti leik gegn Elvari Má Guðmundssyni (SSON) á Íslandsmóti skákfélaga.

**35. Hxh6+! gxh6 36. Df6+ Kg8 37. Dg6+ 1-0.** Davíð Kjartansson vann sigur á minningarmóti um Gylfa Þórhallsson sem fram fór á Hofi á Akureyri um helgina. Þröstur Þórhallsson varð annar og Jón Viktor Gunnarsson þriðji. Guðmundur Kjartansson og Helgi Áss Grétarsson töpuðu báðir í gær á EM einstaklinga í netskák. Þurfa sigur í dag til að jafna metin og knýja fram bráðabana.
www.skak.is: EM í netskák hefst kl. 11.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 rófa
5 seinka
6 málmur
8 rugla
10 í röð
11 fjallsbrún
12 ferlirit
13 hljóðfæri
15 tímaeining
17 hindra

**LÓÐRÉTT**
1 dreifður
2 hnarreist
3 eldstó
4 sníða
7 bæta
9 ske
12 hrjúf
14 tæpa
16 verkfæri

**LÁRÉTT:** 1 skott, 5 tef, 6 ál, 8 ringla, 10 jk, 11 egg, 12 graf, 13 lýra, 15 ljósár, 17 aftra.
**LÓÐRÉTT:** 1 strjáll, 2 keik, 3 ofn, 4 tálga, 7 lagfæra, 9 gerast, 12 gróf, 14 ýja, 16 ár.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | 1 | 5 | | | | 9 |
| | 6 | 9 | | | | 5 | | |
| | 2 | | | 3 | | | 7 | |
| | | 6 | 5 | | | 8 | 9 | |
| | | | | 9 | | 6 | | |
| | 1 | 4 | 7 | 8 | | | | 5 |
| | 9 | | | 1 | | | | 6 |
| | | 3 | | | | | | |
| 5 | | | 8 | | 4 | | 3 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | | | | | |
| 5 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| | 3 | 7 | 4 | | | 8 | 1 | |
| | | | | 5 | | | | 8 |
| | 7 | | 9 | | 1 | | | 4 |
| | | 3 | | | | | 9 | 2 |
| | | | 5 | | | 3 | 6 | |
| | | | | | | | | 9 |
| 8 | | 1 | | | 9 | | 2 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# Rýmisteikning í samtali við hús Ásmundar



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb
@frettabladid.is

Ef lýsa ætti myrkva er yfirskrift sýningar Sirru Sigrúnar Sigurðardóttur í Ásmundarsafni Sigtúni. Aðalverk sýningarinnar er stór rýmisteikning Sirru Sigrúnar sem teygir sig af þaki byggingarinnar í gegnum glugga yfir á langvegg bogaskemmunnar.

„Þessi teikning er í samtali við húsið sem Ásmundur hannaði og byggði sjálfur. Kúluhúsið er elsti hluti hússins, síðan byggði Ásmundur píramídana og seinna kom bogaskemman sem hringar sig utan um kúluhúsið,“ segir Sirra Sigrún.

„Uppi á þaki byggingarinnar er tölvustýrður spegill sem snýr mót suðri sem skynjar hvar sólin er, hvaða dagur er og hvað klukkan er og stýrir um leið ljósinu inn í gegnum safnið. Ég setti litríkar tússteikningar, í alla glugga bogaskemmunnar sem snúa í norður. Þar tala þær við sólarganginn og birtuna í sýningarsalnum. Þegar sólin skín verður aðalsalurinn eins og sólúr. Sólblettur, sem er endurkastast frá speglinum, tekur með sér lit út gluggateikningunni og fikrar sig eftir langveggnum, frá vestri til austur eftir því sem dagurinn líður.“

Upplifun gesta af þessu verki Sirru Sigrúnar er mismunandi eftir því hversu mikil birtan er. Þannig má mæla með því að koma oftar en einu sinni á sýninguna og á mismunandi tímum dags.

Á sýningunni eru einnig verk eftir Ásmund Sveinsson sem Sirra Sigrún valdi. „Þegar ég fór í gegnum skjalasafn Ásmundar á Listasafni Reykjavíkur þá rakst ég á ljósmyndir, teikningar og póstkort frá ferðalagi hans um Grikkland en sagt er að hann hafi orðið fyrir áhrifum af byggingarlistinni á Grikklandi og þá fengið hugmyndina að kúluhúsinu þar. Ég var á þessum sömu slóðum nákvæmlega níutíu árum síðar. Þannig eru til myndir af Ásmundi og mér á sömu stöðunum. Þetta varð að kveikjum í samtali milli okkar Ásmundar.



Litríkar tússteikningar Sirru Sigrúnar eru í gluggum. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

> „Upplifun gesta af þessu verki Sirru Sigrúnar er mismundi eftir því hversu mikil birtan er.

Ásmundur hafði mikinn áhuga á vísindum og tækni og það hef ég einnig. Mörg verka hans eru greinilega vangaveltur um lífið og tilveruna. Ég valdi verk eftir hann á þessa sýningu sem mér finnst tala á einhvern hátt við hugmyndirnar á bak við þessa sýningu mína.“

Á sýningunni eru einnig teikningar eftir Sirru Sigrúnu og geometrískar teikningar eftir Ásmund sem hafa aldrei verið sýndar áður.

Sýningin stendur til 3. október. ■



# DORMA

Láttu drauminn rætast




## Nature's **LUXURY** heilsurúm með classic botni

**Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.**

Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20cm háum pokagormuum sem eru svæðaskiptir, mýkri á mjöðmum og öxlum til að halda náttúrulegri sveigju í líkama okkar á meðan við sofum. Dýnan er samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnissvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Hæð Natures Luxury er 33 cm, en þar af er þykk yfirdýna sem gerir dýnuna einstaklega þægilega. Natures Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel.

Dýnan er millistíf en aukalögin af svampinum í henni gefa henni sérstaka lúxus tilfinningu þegar lagst er í hana. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

**Sérlega vönduð gormadýna.**

**Nature's LUXURY með Classic botni og löppum**

| Stærð í cm | Fullt verð | Sumartilboð |
|---|---|---|
| Luxury 80x200 | 120.900 kr. | **96.720 kr.** |
| Luxury 90x200 | 124.900 kr. | **99.920 kr.** |
| Luxury 100x200 | 128.900 kr. | **103.120 kr.** |
| Luxury 120x200 | 134.900 kr. | **107.920 kr.** |
| Luxury 140x200 | 144.900 kr. | **115.920 kr.** |
| Luxury 160x200 | 164.900 kr. | **131.920 kr.** |
| Luxury 180x200 | 187.900 kr. | **150.320 kr.** |

**ÞÚ FINNUR SUMARTILBOÐ DORMA OG NÝJAN BÆKLING Á DORMA.IS**




www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast




# Þriðjudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Kaupmaðurinn á horninu** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
**20.00 Lengjumörkin** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
**20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**21.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**21.30 Kaupmaðurinn á horninu - saga Kjöthallarinnar (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.

## RÚV Sjónvarp

**11.00 Heimaleikfimi**
**11.10 Af fingrum fram**
**11.50 Gönguleiðir** Langanes
**12.10 Djók í Reykjavík**
**12.45 Hraðfréttir**
**12.55 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**13.10 Hrefna Sætran grillar** Grænmeti
**13.35 Toppstöðin**
**14.25 Átjánda öldin með Pétri Gunnarssyni**
**15.00 Menning í mótun**
**15.55 Símamyndasmiðir**
**16.25 Ferðalag keisaramörgæsanna. Ganga ungviðsins**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Rosalegar risaeðlur**
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Titanic. 20 árum síðar Titanic. 20 Years Later with James Cameron** Þegar 20 ár voru frá gerð myndarinnar Titanic opnaði James Cameron gögnin um þekktasta sjóslys allra tíma.
**20.55 Græni slátrarinn Den gröne slaktaren** Sænskur matreiðsluþáttur í umsjón Anne Lundberg og Pauls Svensson. Þau grænvæða vinsæla rétti og skora á kokka að vinna með nýstárlegt hráefni.
**21.25 Gósta**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Gátan ráðin í San Francisco Bletchley Circle. San Francisco**
**23.05 Þrestir**
**00.40 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**10.00 2021 PLAYERS Official Film**
**10.55 Champions Tour Highlights**
**11.50 LPGA Tour** Útsending frá Pure Silk Championship.
**14.50 LPGA Tour** Útsending frá Pure Silk Championship.
**17.50 LPGA Tour 2021** Útsending frá Pure Silk Championship.
**20.50 LPGA Tour 2021** Útsending frá Pure Silk Championship.
**23.50 PGA Tour Champions Learning Center**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.05 George Clarke's National Trust Unlocked**
**15.50 90210**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Block**
**20.10 Líf kviknar**
**20.45 Younger**
**21.15 FBI**
**22.05 Hightown** Þættirnir eru stranglega bannaðir börnum.
**23.00 Pose**
**00.00 The Late Late Show**
**00.45 Love Island**
**01.40 Ray Donovan**
**02.30 Station 19**
**03.15 Queen of the South**
**04.00 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**10.14 Bók vikunnar** Blá
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið** Fyrri og seinni hluti
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakastið**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Njáls saga** (10 af 29)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**11.35 Time Freak**
**13.15 The Kindergarten Teacher**
**14.50 Mystery 101. Playing Dead**
**16.15 Time Freak**
**17.55 The Kindergarten Teacher**
**19.30 Mystery 101. Playing Dead**
**21.00 Hustlers** Glæpamynd frá 2019 með gamansömu ívafi þar sem Jennifer Lopez, Constance Wu og Julia Stiles fara á kostum ásamt Cardi B sem á einnig tónlist í myndinni. Hustlers fjallar um nokkrar konur sem dönsuðu á háklassa súlustöðum í New York.
**22.45 Little**
**00.30 Bridge Of Spies**
**02.50 Hustlers**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 Grey's Anatomy**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 The O.C.**
**10.05 Logi í beinni**
**10.50 Your Home Made Perfect**
**11.50 NCIS**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Friends**
**13.20 The Good Doctor**
**14.05 First Dates**
**14.50 Ísskápastríð**
**15.25 Sendiráð Íslands**
**15.45 Falleg íslensk heimili**
**16.20 BBQ kóngurinn**
**16.45 Who Wants to Be a Millionaire**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Last Man Standing**
**19.30 Mom**
**20.00 Manifest**
**20.45 Citizen Rose**
**21.25 Magnum P.I.** Þriðja þáttaröð þessa skemmtilegu framhaldsþátta sem byggðir eru á samnefndum leynilögguþáttunum sem slógu rækilega í gegn á níunda áratugnum.
**22.15 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.45 The Wire**
**23.45 The Gloaming** Dramatískir glæpaþættir frá 2020 sem fá hárin til að rísa.
**00.35 A Teacher**
**01.05 LA's Finest** Hörkuspennandi þættir með gamansömu ívafi sem runnir eru undan rifjum Bad Boys myndanna.
**01.45 Grey's Anatomy**
**02.30 The O.C.**
**03.10 NCIS**

## Stöð 2 Sport

**08.50 Dominos Körfuboltakvöld kvenna**
**09.30 Pepsi Max Stúkan**
**10.30 Keflavík - Haukar** Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
**12.10 Fjölnir - Valur**
**13.50 Stjarnan - KA** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
**15.30 Selfoss - Haukar** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**17.00 Seinni bylgjan - karla**
**18.30 Pepsi Max Upphitun**
**19.05 Víkingur R. - Fylkir** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
**21.15 Pepsi Max Stúkan**
**22.15 Fjölnir - Valur** Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
**23.55 Stjarnan - KA**

## Stöð 2 Sport 2

**09.00 Playoff leikur** Útsending frá leik í NBA.
**11.25 Phoenix Suns - LA Lakers**
**13.55 Ítölsku mörkin**
**14.45 Atalanta - AC Milan**
**16.25 EM 2004** Heimildaþáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 2004 er mótið fór fram í Portúgal.
**17.15 Napoli - Hellas Verona**
**18.55 Phoenix Suns - LA Lakers**
**21.25 EM 2000** Heimildaþáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 2000 er mótið fór fram í Belgíu og Hollandi.
**22.20 Spænsku mörkin**
**23.10 Eibar - Barcelona**



Walls 2 Paint
Milliveggir fyrir heimili
Skrúfa, líma og mála.
Engin grunnun.
Ekkert spartl!
Stærð plötu:
600 x 2600 x 12mm
600 x 3000 x 12mm
Þ.Þ & CO
BYGGINGAVÖRUVERSLUN
Þ. ÞORGRÍMSSON & CO
Ármúli 29 108 Rvk 512-3360 korkur.is

# Lifandi prentverk



Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur
@frettabladid.is

**Valdís, Arnar og Sigrún gerðu einstakt listaverk, svokallaðan mygluprentara, sem nú er til sýnis á Lækjartorgi. Verkið er síbreytilegt meðan á sýningu stendur.**

Það var spennandi og áhugavert samstarf sem myndaðist við gerð svokallaðs mygluprentara, sem er nú til sýnis á miðju Lækjartorgi.

„Ég er grafískur hönnuður og hef lagt mikla áherslu upplifunarhönnun sem byggist á þverfaglegum nálgunum í mínum verkefnum því ég trúi því að þannig fái maður skemmtilegustu og áhugaverðustu verkefnin. Nýlegt dæmi um slíkt er til dæmis annað verkefni á Lækjartorgi, speglahliðið, Torg í speglun, sem ég vann einmitt með Valdísi Steinarsdóttir sem er einnig með mér í þessu verkefni,“ segir Arnar Ingi.

Valdís og Sigrún eru báðar vöruhönnuðir.

„Ég hef mikið fengist við efnisrannsóknir með verkefnum eins og Just Bones og Shape Repeat sem eru bæði núna sýnd á HönnunarMars, í Gerðarsafni og í Hörpu,“ segir Valdís.

„Ég er líka líffræðingur og hef áhuga á að blanda þessum sviðum saman. Ég elska sveppi og myglu. Hlutverk þeirra í lífheiminum heillar mig, en þetta eru galdraverur sem sjá meðal annars um að umbreyta dauða í líf. Ég hef verið að rannsaka hvernig hægt sé að hagnýta náttúruleg ferli sveppa til að hreinsa mengun úr jarðveg,“ segir Sigrún.

Arnar segir að þau þrjú hafi kynnst í gegnum Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

„Þá kynntist ég verkefni Sigrúnar, „Healing Earth“, sem snýst um hvernig nýta má sveppi til að brjóta niður eiturefni sem safnast hafa upp í náttúrunni af mannavöldum. Ég féll svo fyrir Valdísi þegar ég tók viðtal við hana fyrir tímarit HA stuttu seinna,“ útskýrir Arnar.

„Já, við Valdís kynntumst í vöruhönnun í Listaháskólanum, við vorum á svipuðum tíma í námi. Við náðum strax vel saman enda báðar spenntar fyrir því að vinna í því sem gæti verið kallað „lífhönnun“ eða „biodesign“ og snýst um að betrumbæta samband manns og náttúru,“ segir Sigrún.

„Það er kannski rauði þráðurinn í öllu sem þessi hópur fæst við, við erum að ögra viðurkenndum verksmiðjuframleiðsluferlum og koma lífrænni hugsun inn í staðinn,“ bætir Valdís við.

Hugmyndin að baki mygluprentaranum var margþætt. Arnar útskýrir að þau hafi öll velt fyrir sér hvort hægt væri að gera prentverk sem prentar sig sjálft.

„Já og líka hvort hægt væri að nýta lífverur til þess að koma í stað bleks og blekprentunar sem eiga kannski greiðari leið inni í hringferla vistkerfisins.“

„Við veltum fyrir okkur hvort hægt sé að stýra vexti sveppa og þroska myglu með einhverjum hætti og hvort megi beina þeim í farveg þar sem við getum haft áhrif á niðurstöðuna. Sveppir eru ótrúlega fjölhæfar lífverur sem mannkynið hefur sáralitla þekkingu á. Sveppafræðingar telja að enn eigi eftir að uppgötva um 90 prósent af tegundum sveppa og að þar séu ótal faldir fjársjóðir. Við bindum miklar vonir við að hægt verði að nota sveppi og milljón ára vöruþróun þeirra til að leysa vandamál framtíðarinnar,“ útskýrir Sigrún.

„Allar efnisrannsóknir eins og Mygluprentari leiða mann í óvæntar áttir. Þess vegna eru þær svona spennandi og áhugaverðar. Við vildum fyrst reyna að láta prentverkin standa en á sama tíma langaði okkur að sýna lifandi breytingaferli verkanna. Við viljum að fólk geti fylgst með verkunum breytast frá degi til dags meðan á sýningu stendur. Grindina, sem heldur öllum fjórum prentverkunum uppi, smíðuðum við svo með vísan í byggingu svepppþráða (e. mycelium),“ segir Valdís.

Sigrún útskýrir að næringarefni úr þörungum hafi verið notað til að rækta sveppina.

„Þeir vaxa eftir ákveðnu formi sem við stjórnum, meðal annars með sótthreinsun og notkun efna sem sveppurinn forðast. Á nokkrum dögum vex hann og fyllir út formið. Þá getum við ýmist þurrkað hann til að stilla verkinu upp eða leyft sveppnum að taka yfir. Hann mun þá afmynda formið hægt og rólega og breyta því í sitt eigið lifandi prentverk.“

Sýningin stendur yfir í fallegu gróðurhúsi út maímánuð og er á miðju Lækjartorgi. ■

> **Við viljum að fólk geti fylgst með verkunum breytast frá degi til dags meðan á sýningu stendur.**
>
> Valdís.



Sigrún, Valdís og Arnar við opnun á sýningingu mygluprentarans á HönnunarMars. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON



Verkið er síbreytilegt og sýningin stendur út vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FASTEIGNASALAN
TORG
Kraftur, **traust** og árangur



Hringdu núna
**520 9595**
Hafdís Rafnsdóttir
**Sími: 820 2222**

# SUMAR TILBOÐ

Kíktu við hjá Höfðabílum og gerðu funheit bílakaup

Allt að 500.000 kr. afsláttur

**Allir bílar með ábyrgð**

Allt að **100%** bílalán.
Fjármögnum á staðnum.

Hér eru aðeins nokkur sýnishorn - **taktu fríið á nýjum notuðum bíl**

**- 300.000 kr.**




**Ford Kuga Titanium AWD**
Nýsk. 5/18 Ekinn 135 þ. km
Sjálfskiptur, leður, lúga og fl.
Ásett verð: 3.090.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 2.790.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Honda CRV**
Nýsk. 2/16 Ekinn 110 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.790.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 2.490.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Honda CRV**
Nýsk. 12/17 Ekinn 132 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.790.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 3.290.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Honda CRV**
Nýsk. 6/17 Ekinn 100 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 4.090.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 3.690.000. KR.**

**- 200.000 kr.**




**Hyundai I-10 Comfort**
Nýsk. 2/17 Ekinn 110 þ. km
Beinskiptur, bensín
Ásett verð: 790.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 590.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Hyundai I-20**
Nýsk. 7/17 Ekinn 150 þ. km
Beinskiptur, bensín
Ásett verð: 990.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 690.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Hyundai Tucson**
Nýsk. 6/18 Ekinn 123 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 2.990.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 2.590.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Hyundai Tucson**
Nýsk. 6/16 Ekinn 166þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 2.390.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 1.990.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Landrover Discovery Sport**
Nýsk. 6/17 Ekinn 200 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.890.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 3.390.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Landrover Discovery Sport**
Nýsk. 6/17 Ekinn 166 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.990.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 3.490.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Nissan X-Trail**
Nýsk. 5/16 Ekinn 182 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.140.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 1.640.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Subaru Forester**
Nýsk. 7/18 Ekinn 108 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.390.000 kr.

**SUMARTILBOÐ 2.890.000. KR.**

Bílafjármögnun Landsbankans

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast

FOSSHÁLSI 27
110 REYKJAVÍK
SÍMI: 577 4747

FÖS: 10-17
LAU: 12-15
SUN: LOKAÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

■ Bakþankar



Hauks Arnar Birgissonar

## Hallærislega töff

Ég hef alla tíð verði mikill Eurovisiongaur, horfi á allar keppnir og man meira eftir gömlum slögurum en eðlilegt þykir. Gente di mare er án nokkurs vafa besta Eurovisionlag allra tíma.

Eins og öll þjóðin, þá fylgdist ég með Daða og Gagnamagninu um síðustu helgi. Þau voru frábær og miðað við höfðatölu þá gjörsigruðum við í keppninni. Ég vona að ég segi mig ekki úr samfélagi Íslendinga með því að játa að mér þótti pínu einkennilegt að þau hafi fengið að taka þátt. Hefði haldið að í öllum keppnum giltu þau lögmál að keppendur keppi við sömu aðstæður, á sama tíma. Álagið sem fylgir því að standa á sviði fyrir framan milljónir áhorfenda í sal eða sjónvarpi á úrslitastundu hlýtur að vera hluti leiksins. Kannski hægt verði að spara stórfé í framtíðinni með því að láta fimleika- og skautafólk senda myndbönd af sér til dómara á Ólympíuleikum. Þau geta svo fylgst með sjálfum sér í „beinni“ útsendingu í sjónvarpinu í faðmi fjölskyldunnar. Það er miklu meira kósí.

Eurovision er skemmtilega hallærisleg keppni þar sem helmingur laganna er fluttur í sundbol og á hinn helminginn er betra að hlýða með lokuð augun. Í lítillæti sínu fær aðalnúmer kvöldsins, framkvæmdastjóri keppninnar sem af einhverjum ástæðum allir þekkja með nafni, starfsfólk sitt til að lofa sig í löngu máli í hvert sinn sem hann tekur til máls. Keppnin er sannkölluð orgía búningahönnuða og Twitter-notenda, ekki síður en stigakynna allra landa sem flytja heiminum óumbeðin skilaboð manngæsku og umburðarlyndis áður en þeir segja frá vinsælasta popplaginu. Epískt sjónvarpsefni! ■

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS



Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN

